

ELSA NIELSEN
Aldargamall danskur
sófi prýðir stofuna

• heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR
Útsýni yfir
vatn og fjöll

Sérblað um fasteignir
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

23. febrúar 2009 — 47. tölublað — 9. árgangur Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR


Mikið af ballöðum
Lag Jóhönnu Guðrúnar virðist smellpassa í Eurovision í ár.
FÓLK 16

Alltaf gengið vel
Járnvöruverslunin Brynja er 90 ára.
TÍMAMÓT 12

Mesta steypan
Þegar maður gúglar „tónlistarhús“ fær maður svona fréttir: „Tónlistarhúsið – stærsti steypudagur Íslandssögunnar.“, skrifar Guðmundur Andri Thorsson.
Í DAG 10

Man. United að stinga af
Forskot ensku meistaranna er orðið sjö stig eftir leiki helgarinnar.
ÍPRÓTTIR 19

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA ÚRKOMA Í dag verða austan 8-15 m/s, hvassast á Vestfjörðum og allra syðst. Úrkoma á öllu landinu, snjócoma norðan til og rigning eða slydda syðra. Frost víða 0-6 stig en 1-6 stiga hiti syðra.
VEÐUR 4



Sumarbæklingur
Heimsferða
er kominn út
www.heimsferdir.is



BOLLA BOLLA Bakarar landsins hafa verið önnur kafnir alla helgina við að undirbúa bolludaginn, enda margir sem taka forskot á sæluna og gæða sér á bollum fyrir stóra daginn. Stefán Hrafn Sigurjónsson, bakari í Mosfellsbakarí og höfundur köku ársins, fór létt með að snara fram aragrúa af bollum fyrir sælkerana.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Varnarmálastofnun kannski lögð niður

Utanríkisráðherra er með Varnarmálastofnun til rækilegrar endurskoðunar og segir málefni hennar vera forgangsmál. Formaður utanríkismálanefndar vill leggja hana niður. Fyrrum dómsmálaráðherra segir hana vera „leifar liðins tíma“.

UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir málefni Varnarmálastofnunar vera til rækilegrar skoðunar. Til greina kemur að leggja hana niður.

„Ég tel að það séu miklir möguleikar á því að spara fé með því að sameina ýmsa þætti sem eru hjá henni og öðrum stofnunum. Í þeirri stöðu sem Íslendingar eru nú þarf að velja hverri krónu fyrir sér og gera allt sem hægt er til að spara og hagræða.“

Össur segir málið vera flókið og taka langan tíma. „Málið er í algjörum forgangi hjá mér og ég hef kallað eftir gögnum bæði hjá mínu ráðuneyti og öðrum.“

Björn Bjarnason, fyrrum dómsmálaráðherra, telur að Varnarmálastofnun sé „leifar liðins tíma“ og hún sé óþörf viðbót og jafnvel flækjufótur í öryggissamskiptum okkar við aðrar þjóðir. Frekar eigi að byggja á Landhelgisgæslunni. Björn hélt

VARNARMÁLASTOFNUN

- Stofnunin tók til starfa 1. júní 2008.
- Forstjóri hennar er Ellisif Tinna Viðisdóttir.
- Stofnunin starfar eftir lögum sem samþykkt voru 16. apríl 2008.
- Stofnunin fær 1,2 milljarða samkvæmt fjárlögum 2009.

erindi á fundi Samtaka um vestræna samvinnu í síðustu viku og ræddi meðal annars Stoltenbergskýrsluna, um norræna samvinnu í öryggismálum.

„Það gæti nokkurrar tilhneigingar til þess hjá utanríkisráðherra, Össuri Skarphéðinsyni, og Árna Þór Sigurðssyni, formanni utanríkismálanefndar, að skauta yfir hernaðarlega þáttinn í skýrslu Stoltenbergs. Þetta er í takt við að nota orðin

„varnartengd verkefni“ og er dálítið aulalegt, þegar til þess er litið, að skýrsla Stoltenbergs snýst að verulegu leyti um þessi úrlausnarefni og þeir eru báðir mjög hlyntir því, að henni verði hrundið í framkvæmd.“

Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, segist sammála Birni um að Varnarmálastofnun mætti missa sín. Árni flutti einnig erindi á fundinum og benti á að ólíkt Birni hefði hann greitt atkvæði gegn stofnuninni.

„Okkar sjónarmið hjá Vinstri grænum hefur verið að telji menn að það þurfi að gæta öryggis og hafa eftirlit með umferð á hafsvæðum okkar, þá eigi það að vera í höndum Landhelgisgæslunnar, Flugmálastjórnar og björgunarsveita. Við bentum á mikinn kostnað sem fer í Varnarmálastofnun og það er enn brýnna nú að huga að þeim málum.“

kolbeinn@frettabladid.is

Ný vefsíða vekur athygli: Vöruskipti á netinu slá í gegn

FÓLK Vefurinn samlagid.is hefur vakið mikla athygli að undanförmu en þar geta menn skipst á vörum og þjónustu án þess að greiða krónu fyrir. „Þetta er fyrir þá sem urðu út undan og geta ekki borgað með krónum,“ segir höfundur síðunnar, Axel Valdimar Gunnlaugsson. Hann er starfandi tækniarkitekt hjá Símanum og fékk hugmyndina þegar allt lagðist á hliðina undir lok síðasta árs.

„Síðan er tiltölulega ung, fór í loftið fyrir mánuði en viðbrögðin hafa verið framar vonum,“ segir Axel en rúmlega þúsund manns hafa skráð sig á síðuna og bætast á milli 20 og 30 nýir notendur við á hverjum degi.

- fgg / sjá síðu 22



PYRLAN FUNDIN Þyrlan lenti á þaki Korydallos-fangelsins. Kaðalstiga var kastað niður til fanganna sem klífruðu um borð.

NORDICPHOTOS/AFP

Fangar á æsilegum flóttu: Flúðu öðru sinni með þyrlu

GRIKKLAND, AP Tveir menn sem dæmdir höfðu verið fyrir vopnað rán flúðu úr öruggasta fangelsi Grikklands í gær. Vitorðsmenn þeirra flugu yfir fangelsið á þyrlu, skutu á fangaverði og hentu kaðalstiga til fanganna.

Flóttinn þykir mikil hneisa fyrir grísk fangelsisýfirvöld, þar sem þetta er í annað skiptið sem þessir tveir menn flýja sama fangelsið með sömu aðferðinni.

Þyrlan fannst síðar yfirgefin við þjóðveg norðan við Apenu. Vegurinn liggur að fjallgarði þar sem mennirnir fóru huldu höfði eftir fyrri flóttann árið 2006.

- bj

muundu eftir mjólkinni!

muu

Kafbátur mánaðarins
Pizzabátur

SUBWAY

6 tommu bátur
349 kr.

Gildir í febrúar 2009
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli

SPURNING DAGSINS



Magnús, er gullöld hjá þér núna?

„Já, og líka hjá þeim sem koma með gullið sitt og fá góðan pening fyrir.“

Magnús Steinþórsson gullsmiður býðst til að kaupa gull af fólki fyrir eitt þúsund krónur grammíð. Mikið hefur verið að gera hjá honum síðan Fréttablaðið fjallaði um málið.

Átján ára þingferli lokið:
Björn ætla
ekki í framboð

STJÓRNMÁL Björn Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gefur ekki kost á sér til þings í vor.

Björn hefur setið á þingi síðan 1991. Hann var menntamálaráðherra 1995-2002 og árið 2003 varð hann dóms- og kirkjumálaráðherra. Björn rifjar upp feril sinn á heimasíðu sinni. Þar minnst hann á þegar hann laut í lægra haldi fyrir Guðlaugi Þór Þórðarsyni í prófkjöri. „Ég hef aldrei, hvorki fyrr né síðar, vitað eins mikið á sig lagt við að ná sæti á lista.“

- kóp



SORGARSTUND Margir sem viðstaddir voru athöfnina komust við þegar þeir minntust þeirra sem létust í skógareldunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Minntust fórnarlamba elda:
Von úr ösku
örvæntingar

ÁSTRALÍA, AP „Við risum saman með von úr ösku örævæntingarinnar,“ sagði Kevin Rudd, forsætisráðherra Ástralíu, þegar hann minntist fórnarlamba gríðarlegra skógarelda í landinu undanfarið.

Haldnar voru minningarathafnir í borgum og bæjum Ástralíu í gær þar sem sýnt var beint frá minningarathöfn í Melbourne. Yfir 200 létust í skógareldunum.

„Við höfum misst mæður og feður, ömmur og afa. Við höfum misst bræður, systur, syni dætur og minnstu ungabörn,“ sagði Rudd. „Engin orð geta hughreyst okkur á slíkri harmastundu.“

- bj



Bolludagsbragðið

Fáðu þér rjóma inn á milli

HVITA HÚSÍÐ/SIA - 08-0135

Rjómi

2

FRÉTTABLAÐIÐ

Ekki andstaða við erlent eignarhald á hluta íslensku bankanna:

Hér verði einn þjóðarbanki



ÖGMUNDUR JÓNASSON



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

EFNAHAGSMÁL

Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra segist ekki hafa stífar skoðanir á eignarhaldi útlendinga á íslenskum bönkum. Hann gerir þó þá kröfu að hér verði einn banki í eigu þjóðarinnar. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði í viðtali við Fréttablaðið á laugardag að réttast væri að erlendir kröfuhafar eignuðust hlut í íslensku bönkunum.

„Það er alveg ljóst að í eigu okkar landsmanna þarf að vera banki og það var nokkuð sem við lögðum áherslu á á sínum tíma; að hér væri raunveruleg kjölfesta í fjármálalífínu í íslenskum þjóðar-

fjárfestingar- og viðskiptabanka. Össur segist sammála Sigmundi. „Í þessu, eins og svo mörgu öðru, fara skoðanir formanns Framsóknarflokksins saman við viðhorf utanríkisráðherra. Ég tel að það gæti verið æskilegt að erlendir kröfuhafar eignist hlut í bönkunum. Um leið þá eignast þeir líka hlutdeild í væntanlegum ávinningi og það mundi aðstoða við endurfjármögnun þeirra og opna aftur lánstraust erlendis.

Þetta er þess vegna kostur sem ég er reiðubúinn að skoða út í hörgul, hvort sem er í ríkisstjórn með Framsóknarflokki eða ekki.“

- kóp

Vilja refsiaðgerðir fyrir skattaskjólin

Leiðtogar stærstu Evrópuríkjanna styðja breyttar reglur fyrir fjármálakerfið. Þeir vilja tvöfalda fjárframlög til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nýjar reglur hefðu litla þýðingu verði þekktum skattaskjólum ekki refsað segir forseti Frakklands.

BERLÍN, AP Herða þarf reglur og eftirlit með fjármálakerfi heimsins, þar með talið vogunarsjóðum, og með þeim fjárfestum sem þar starfa, að mati leiðtoga nokkurra helstu Evrópuríkja, sem funduðu í Berlín í gær.

Í yfirlýsingu sem gefin var út að loknum fundi leiðtoga Bretlands, Frakklands, Þýskalands, Ítalíu, Lúxemborgar, Spánar, Hollands og Tékklands kemur fram að leiðtogarnir hafi náð saman um sjö lykilatriði til að stuðla að stöðugra fjármálakerfi.

„Við þurfum að senda skýr skilaboð og grípa til aðgerða til að efla á ný traust á fjármálamörkuðum og leiða heiminn í átt til vaxtar og aukinna atvinnutækifæra,“ sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari að fundi loknum.

Ekki verður upplýst um smáatriði samkomulagsins fyrr en það hefur verið kynnt leiðtogum annarra Evrópusambandsríkja. Þar kom þó fram vilji leiðtoganna til að skylda banka til að eiga stærri varasjóði til að bregðast við erfiðum aðstæðum.

Eftir fundinn kom fram í máli Merkel að leiðtogarnir vildu styrkja Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, og væru sammála um að ríki heims þyrftu að tvöfalda framlög sín til sjóðsins. Full þörf væri á því til að hann gæti hjálpað ríkjum heims þegar þau lentu í fjárhagslegum erfiðleikum.

„Nýtt regluverk væri merktingarlaust ef það felur ekki í sér refsiaðgerðir gegn skattaparadís-um,“ sagði Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, að fundi loknum.



RÆDDU FJÁRMÁLAKREPPUNA Angela Merkel þýskalandskanslari ræddi regluverk í kringum fjármálastarfsemi í Evrópu við aðra leiðtoga Evrópuríkja, þar á meðal Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, og Nicolas Sarkozy, forseta Frakklands (til vinstri) í Berlín í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Hann sagði Evrópulönd nú vinna að lista yfir þekkt skattaskjól. Þá sé unnið að undirbúningi refsiaðgerða sem kunni að verða beitt gegn þeim haldi þau áfram að stunda það sem hann kalladi ábyrgðarlausu fjármálastarfsemi.

Þau atriði sem samkomulag var um á fundinum í gær verða grunnur að viðræðum leiðtoga 20 stærstu hagkerfa heims, G20, í London í byrjun apríl.

Reiknað er með því að Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, sitji fundinn í London. Bandaríkin og Bretland beittu sér gegn Merk-el þegar hún vildi efla regluverk á fjármálamarkaði fyrir tveimur árum.

brjann@frettabladid.is

23. febrúar 2009 MÁNUDAGUR

Aðgát í nærveru löggú:
Harðbannað að taka ljósmyndir

BRETLAND, AP

Ferðamenn í Bretlandi þurfa að gæta sín sérstaklega framvegis að taka ekki ljósmyndir af lögregluþjónum, sem þeir kynnu að rekast á á förnum vegi.

Í nýjum lögum um hryðjuverkavarnir, sem tóku gildi í Bretlandi í síðustu viku, er nefnilega strangt bann lagt við því að ljósmyndir séu teknar af bresku lögregluþjónum eða hermönnum.

Um 200 atvinnuljósmyndarar söfnuðust saman fyrir utan höfuðstöðvar lögreglunnar í London fyrir helgi til að mótmæla lögun-um.

- gb



NÁMASLYS Björgunarmenn náðu í gær til starfsmanna sem lokast höfðu inni við sprenginguna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gassprenging í kolanámu:
Í það minnsta 74 taldir af

KÍNA, AP

Að minnsta kosti 74 námaverkamenn voru í gær taldir af eftir að gassprenging varð í kolanámu í borginni Gujiao í norðurhluta Kína í gær. Öryggismál höfðu fram að slysinu verið í góðu lagi hjá námunni.

Talið er að 436 námaverkamenn hafi verið í námunni þegar sprengingin varð. Í það minnsta 114 slösuðust í sprengingunni. Einhverjir lokuðust inni í námunni, en þeim hafði öllum verið bjargað í gærkvöldi.

Astand öryggismála í kínverskum námum hefur sætt harðri gagnrýni undanfarið og hafa kínversk stjórnvöld ítrekað lofað úrbótum.

- bj

SLYS

Einn í öndunarvél eftir slys

Önnur af konunum tveimur sem lentu í alvarlegu vinnuslysi í Kartöfluverksmiðjunni í Þykkvabæ á föstudag var útskrifuð af gjörgæslu í gær. Hinni er áfram haldið sofandi í öndunarvél, en líðan hennar er stöðug að sögn læknis á Landspítalanum.

EGYPTALAND

Ferðamaður lést eftir árás

Frönsk kona lést eftir að maður henti handsprengru inn á markað í miðborg Kairó í Egyptalandi í gær. Sautján til viðbótar slösuðust í sprengingunni, flestir erlendir ferðamenn. Árásarmaðurinn slapp af vettvangi, og hafði ekki fundist í gærkvöldi.

Ný sundlaug á Álftanesi verður tekin í notkun í vor:

Lengsta rennibraut landsins

ÁLFTANES

Framkvæmdir standa nú yfir við nýja sundlaug á Álftanesi, en skóflustunga var tekin af henni í desember árið 2007. Reiknað er með að hún opni í vor. Framkvæmdir voru vel á veg komnar þegar efnahagskreppan skall á, en Kristín Fjöla Berghórsdóttir, forseti bæjarstjórnar Álftaness, segir að ekki hafi verið um annað að ræða en að halda þeim áfram.

„Þetta er mjög glæsileg laug og kostar þar af leiðandi nokkuð mikið. Við vonum hins vegar að hún verði rós í hnappagatið fyrir sveitarfélagið og geti dregið hingað fólk.“ Við laugina verður lengsta rennibraut landsins, 80 metra löng, en hún er 10 metrar á hæð. Þar verður einnig öldulaug og segir Kristín að kajakraððarar muni geta æft sig þar. „Við vonumst til að þetta verði eins



RENNIBRAUTIN Tíu metra há og 80 metra löng rennibraut er nú að rísa við nýja sundlaug á Álftanesi. Verkið kostar um 730 milljónir króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

og í vatnagörðum sem við sjáum erlendis,“ segir Kristín. Kostnaður við sundlauginu er í kringum 730 milljónir að sögn Kristínar Fjölu, þá á þó eftir að uppreikna hann.

- kóp

Útborgun **0 kr.**

Nokia 3120

Afborgun 2.000 kr. á mánuði
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir öllun
símatilboðum Nova.

Staðgreitt: 24.000 kr.



Útborgun **0 kr.**

Sony Ericsson G502

Afborgun 2.000 kr. á mánuði
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir öllun
símatilboðum Nova.

Staðgreitt: 24.000 kr.

Ekkert út og þú getur talað um allt og ekkert ... fyrir ...

0 kr./mín.

Nova í Nova

Í alla sem þú þekkir og þekkir ekki hjá Nova!

14,50 kr./mín.

Í aðra farsíma og heimasíma

Líka lægsta verðið ef þú þarft að hringja annað en í Nova

3G farsímatilboðin gilda í áskrift og frelsi og þú getur flutt símanúmerið með þér til Nova.

0 kr. Nova í Nova: 1.000 mínútur í símtöl og myndsímtöl og 500 SMS og MMS á mánuði.
Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun í 12 mánuði greidd með kreditkort + 250 kr./mán. greiðslugjald.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla og Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

GENGIÐ 20.02.2009			
GJALDMIÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	113,70	114,24
	Sterlingspund	162,27	163,05
	Evra	143,3	144,10
	Dönsk króna	19,232	19,344
	Norsk króna	16,414	16,51
	Sænsk króna	12,974	13,050
	Japanskt jen	1,2078	1,2148
SDR		167,42	168,42
GENGISVÍSITALA KRÓUNUNNAR			
177,7134			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



MISSKILNINGUR Óssur segir misskilning hjá Sigmundi Davíð að Samfylkingin standi fyrir rögsherferð gegn honum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Óssur Skarphéðinsson:

Allir leggja gott til Sigmundar

STJÓRN MÁL „Ég held að þetta sé misskilningur og víst er að hann á engum að mæta nema vinum, að minnsta kosti í þeim hópi Samfylkingarinnar sem ég tilheyrir. Þar hefur enginn maður nema gott til hans lagt,“ segir Óssur Skarphéðinsson. Sigmundur Davíð Gunnlaugssonar, formaður Framsóknarflokksins, hefur sakað Samfylkinguna um rögsherferð gegn sér.

„Hann er kominn af slíkum Strandamönnum, til að mynda Magnúsi hreppstjóra á Hróbergi, langafa hans, sem lét klípa af sér löngutöngina þegar hann fékk mein í hana. Þeir sem eiga rætur að rekja til slíks karlmennis eiga ekki að kveinka sér þótt einhverjir strákar húi á þá á vefsíðum.“ - kóp

LÖGREGLUMÁL

Nærri 150 ekið of hratt

Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði tæplega 150 ökumenn fyrir of hraðan akstur yfir helgina. Flestir mældust á 115 til 125 kílómetra hraða.

Slökkt í bálkesti í miðborg

Slökkvilið slökkti í bálkesti sem hópur háskólanema tengdur svokölluðum byltingarhópi háskólanema, Öskra, kveikti á Lækjartorgi á laugardagskvöld. Að sögn lögreglu voru um 20 manns við eldinn, en samkoman leystist upp eftir að hann var slökktur.

Stjórnendur 365 miðla funduðu með mögulegum kaupanda Morgunblaðsins:

Ræddu mögulegt samstarf

VIDSKIPTI Ástralski fjárfestirinn Steve Cosser, sem vill kaupa útgáfufélag Morgunblaðsins, fundaði með Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, stærsta hluthafa 365 miðla, og forstjóra félagsins í gær. Á fundinum var rætt um möguleika á samstarfi á sviði prentunar og dreifingar.

Cosser er annar tveggja aðila sem nú keppast um að fá að kaupa Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins. Hann hafði áhuga á að fara yfir samninga um prentun og dreifingu sem gerðir voru milli Árvakurs og 365 miðla, útgáfufélags Fréttablaðsins, segir Ari Edwald, forstjóri 365 miðla. Samkeppniseftirlitið setti ströng



SAMSTARF Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, segir fulla þörf á að hagræða í blaðaútgáfu þar sem rekstrargrundvöllur sé afar erfiður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

skilyrði fyrir slíku samstarfi, meðal annars um stjórnunarlegan aðskilnað og fleiri atriði. Ari segir að þau skilyrði hefðu þýtt að hagræði af samstarfinu yrði of lítið,

og því varð ekkert úr samstarfinu í bili.

Ari segir Cosser tvímælalaust opinn fyrir samstarfi, fái hann að kaupa Árvakur. Forsvarsmenn 365 miðla séu einnig afar áhugasamir um slíka samvinnu. Við blasi að rekstrargrundvöllur blaðaútgáfu sé svo erfiður að full þörf sé á að reyna að hagræða eins og hægt sé í rekstrinum.

Ari segir að ekki hafi verið fundað með Óskari Magnússyni, sem fer fyrir hinum hópnunum sem vill eignast Morgunblaðið, um mögulegt samstarf. Óskar þekki væntanlega skilyrði Samkeppniseftirlitsins ágætlega.

- bj

Segir fólk í átthaga-fjötrum í borginni

Áhugi fólks á að flytja út á landsbyggðina eykst, segja forráðamenn þriggja sveitarfélaga. Fólkið hefur elt vinnu og fjármagn á þenslusvæðin og sitja nú margir þar í átthagafjötrum, segir bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar.

SAMFÉLAGSMÁL Nú í kreppunni hefur áhugi fólks á því að búa á landsbyggðinni stóraukist og nú þegar fjölgar ungu fólki í nokkrum byggðum þar sem slíku hefur ekki verið að fagna í áraraðir.

Þetta segja Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar, Ólafur Hr. Sigurðsson, starfsbróðir hans frá Seyðisfirði, og Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.

Öryggi og fjölskylduvænt samfélag er eitt það helsta sem fólkið leitar eftir, segja þeir, auk þess sem margir vilja snúa baki við þeim gildum sem ráðið hafa ríkjum á suðvesturhorninu.

„Ég held að það felist ákveðin tækifæri fyrir fólk í því undarlega umhverfi sem við búum við einmitt núna,“ segir Ómar Már. „Og það felst í því að hér [á landsbyggðinni] eru mannlífs- og atvinnulífshættir reistir á betri grunni heldur en það sem hefur verið að byggjast upp á svokölluðum þenslusvæðum.“

En ekki geta allir sem vilja flust út á landsbyggðina; Elliði segir fjölmarga sitja í átthagafjötrum í borginni. „Fólkið hefur elt fjármagn og atvinnuna sem öll hefur verið á höfudborgarsvæðinu en nú þegar bólan er sprungin situr það uppi með ofurskuldsetta eign svo að það er í raun í átthagafjötrum í borginni.“

Ómar segir að ríkið þurfi að styðja betur við bakið á sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum á landsbyggðinni. „Við höfum heyrt mikla umræðu um nýsköpun en



ELLIÐI VIGNISSON Bæjarstjórinn var á fundi með útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum í gær. Hann segir að stjórnvöld gerðu vel ef þau hættu að ögra stöðugleikanum í sjávarútvegi.

MYND/ÓSKAR FRÍÐRIKSSON

SEYÐISFJÖRÐUR

Á sex mánuðum hefur leikskólabörnum á Seyðisfirði fjölgað úr 25 í 43. Könnun Capacent leiddi í ljós að 40% bæjarbúa á aldrinum 20 til 65 ára hafa háskólapróf eða sambærilegt próf.

SÚÐAVÍKURHREPPUR

Meðal nýsköpunarfyrirtækja og verkefna í hreppnum eru sjóstangveiðifyrirtæki, katta- og hundamat-arverksmiðja, pokabeituverksmiðja og sala á niðursoðinni þorsklifur.

því miður virðast orð og æði ekki fara þar saman,“ segir hann.

Elliði og Ólafur hafa hins vegar hug á öðruvísi stuðningi. „Veigamesti stuðningurinn sem við gætum fengið frá ríkinu væri að fá frið til að byggja upp okkar atvinnuvegi án þess að eiga það sífellt á hættu að fótunum verði kippt undan því,“ segir Elliði. „Það er óþolandi að vinna í sjávarútvegi þegar sífellt er verið að ögra þeim forsendum sem fyrir honum eru.“ Á hann þá meðal annars við

umræður um eignarupptöku á kvóta og veiðileyfagjöldum.

„Stundum er aðgerðarleysi af hálfu ríkisins það skásta,“ segir Ólafur. „Það sést vel á fyrirtækjum sem eru alfarið í eigu ríkisins, eins og RARIK og Pósturinn. Þar gilda græðgissjónarmið sem reytt hafa af landsbyggðinni út í það óendanlega í nafni óeðlilega mikillar arðsemi. En það sjá allir hvernig þess háttar græðgi hefur reynst þjóðinni.“

jse@frettabladid.is

Blaðamannaverðlaunin:

Póra valin besti blaðamaðurinn

FJÖLMIÐLAR Póra Kristín Ásgeirsdóttir, blaðamaður hjá mbl.is, var valin blaðamaður ársins 2008, af Blaðamannafélagi Íslands. Verðlaunin hlaut Póra fyrir vandaðar fréttir og frumlega nálgun.

Umfjöllun Sigurjóns M. Egilssonar, um íslenskt efnahagslíf í Mannlífi og DV, þótti besta rannsóknarblaðamennska. Þá hlutu Ragnar Axelsson og Önnundur Páll Ragnarsson verðlaun fyrir bestu umfjöllun ársins, um virkjanakosti í Morgunblaðinu. Brjánn Jónasson, blaðamaður Fréttablaðsins, hlaut tilnefningu í þeim flokki, fyrir greinar um framboð Íslands til Öryggisráðs SP.

- kóp

Sómalskir sjóræningjar:

Rændu grísku flutningaskipi

GRÍKKLAND, AP Sómalskir sjóræningjar rændu í gær grísku flutningaskipi með vopnavaldi. Skipið var á siglingu um Aden-flóa á leið til Slóveníu með kolafarm.

Skipið var í eigu gríksks fyrirtækis, en skráð á Möltu. Alls voru 22 í áhöfn skipsins. Breskt herskip var skammt undan þegar skipið var tekið, en þar sem sjóræningjarnir höfðu náð skipinu á sitt vald þegar þýrta frá skipinu kom á vettvang aðhafðist áhöfn herskipsins ekki frekar.

Mikil skipaumferð er um Aden-flóa við Sómaliu. Sjóræningjar réðust á sex skip í síðustu viku, en öll komust undan.

- bj

Deila um netfæri í Vogum:

Grásleppunetin fóru á haugana

DEILUMÁL „Það er undarlegt ef menn telja sig geta hent verðmætum,“ segir Þórður Vornsson, fyrrum grásleppu-sjómáður. Hann krefur nú sveitarstjórna Voga á Vatnsleysuströnd um 82 þúsund þar sem bærinn fleygði 41 grásleppuneti hans þegar hreinsunaráttak fór fram síðsumars.

Netin voru í kórnum utan við atvinnuhúsnæði á staðnum. „Ég hef farið yfir þetta með Þórði en málið er að það var haft samráð við hann áður en netin voru tekin,“ segir Róbert Ragnarsson bæjarstjóri. Þar ber þeim ekki saman og segist Þórður ætla að setja lögræðing í málið. „Ég var búinn að selja netin fyrir 82 þúsund krónur og kaupandinn ætlaði að sækja þau en tveimur dögum áður var þeim fleygt.“

- jse



MIÖLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Er mataræðið óreglulegt?

LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!

Skyndibitaþæði, sætindi, óreglulegar máltíðir – allt þetta dregur úr innri styrk, veldur þróttleysi, kemur meltingunni úr lagi og stuðlar að vanlíðan. Regluleg neysla LGG+ vinnur gegn þessum áhrifum og flýttir fyrir því að jafnvægi náist á ný. Dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.






Elisabet Margeirsdóttir
Veður-fréttamaður

VEÐURSPÁ

LÆGÐAGANGUR
Á eftir lægðinni sem er við landið í dag kemur önnur heldur krappari og útlit fyrir áframhaldandi úrkoma á öllu landinu á morgun. Það mun hvesa síðdegis á morgun og á miðvikudag verður allhvöss norðaustanátt ríkjandi. Veður verður því ekki mjög skaplegt þessa vikuna.

Á MORGUN
Víða allhvasst síðdegis.

MIÐVIKUDAGUR
Stíft norðaustlægt átt.



HEIMURINN

Alicante	16°
Basel	9°
Berlín	2°
Billund	4°
Eindhoven	8°
Frankfurt	3°
Friedrichshafen	0°
Gautaborg	3°
Kaupmannahöfn	3°
Las Palmas	19°
London	10°
Mallorca	16°
New York	4°
Orlando	20°
Ósló	2°
París	9°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	0°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



VORÖNN 2009

Kerfisstjórnun - grunnám

Frábær byrjun fyrir jafnt konur og karla sem vilja leggja fyrir sig starf á tæknisviði í tölvugeiranum en hafa enga reynslu af rekstri og viðhaldi tölvu og tölvukerfa. Þetta nám veitir jafnframt þjárfir eftirsóttar og viðurkenndar prófgráður, A+, Network+ og Windows Vista Configuration.

Þessi námsbraut hentar einnig þeim sem vilja fá ítarlegan skilning á vélbúnaði tölvu, stýri og netkerfum sem „ofurnotendur“ (super user) eða til að meta hvort þessi vettvangur hentar þeim og áhugi liggi á enn frekari sérfræðinámi. Fólk sem útskrifast af þessari braut er strax gjaldgengt og eftirsótt til starfa í ýmis þjónustustörf við tölvu og netkerfi og á þjónustuborðum fyrirtækja.

Inntökuskilyrði

Almennur áhugi fyrir tölvu og upplýsingatækni ásamt lestrarfærni í ensku.

Viðfangsefni

- » A+ frá CompTIA. Virt og gagnleg prófgráða sem tekur fyrir vélbúnaðinn, bilanagreiningu og tölvuviðgerðir.
- » Network+ Uppsetning, stilling og bilanagreining netkerfa.
- » Windows Vista configuration. Uppsetning, stilling og umsjón með tölvum sem keyra á Windows Vista stýrirkerfinu.

Næsta námskeið hefst 24. febrúar og lýkur 3. apríl.

Kennt er virka daga kl. 8:30 – 12:00. Lengd: 150 std

Verð kr. 298.000,- Allt kennsluefni og fjögur tilskilin próf innifalin.

Cisco Certified Network Associate

Cisco Certified Network Associate gráðan er talin ein sterkasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á. Gráðan hentar þeim sem vilja verða sérfræðingar í uppbyggingu á nútíma tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum á nær- og víðnetum.

Námið hentar jafnt þeim, sem hafa grunnþekkingu á tölvu- og netkerfi og langar að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, sem og Microsoft tæknimönnum sem vilja efla þekkingu sína á netkerfum.

Að námskeiði loknu eiga nemendur m.a. að geta:

- » sett up tölvunet og vitað hvernig þau eru uppbyggð
- » skilið og skilgreint samskiptastaðla, aðallega TCP/IP
- » notað subnetting-tækni og VLSM
- » sett upp einfalda routera (beina) og switcha (skipta) með CISCO IOS stýrikerfi
- » kunnað skil á routing-protocols s.s. IGRP, EIGRP OSPF og RIP
- » kunnað skil á Layer-2 skiptum og VLAN
- » bilanagreint í einföldum netum
- » sett upp access-lista til að stjórna netumferð
- » kunna skil á protocolum sem notaðir eru í víðnetum s.s. Frame-Relay og PPP

Hefst 24. febrúar. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17:00-20:30

Verð kr. 290.000,- innifalið er allt kennsluefni og ein próftaka.

Möguleikar fyrir atvinnulausa!

Atvinnulausum gefst kostur á að skrá sig á nokkur námskeið sem haldin eru í skólanum á vegum Vinnumálastofnunar og eru þessi námskeið atvinnulausum að kostnaðarlausu. Skráning fer fram hjá Vinnumálastofnun. Jafnframt niðurgreiðir Vinnumálastofnun námskeið um allt að 50% skv. nánari reglum þar um en styrkuppþæð getur þó ekki orðið hærra en 70 þús. Kynntu þér málið nánar hjá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar.

Flest stéttarfélög styrkja auk þess félagsmenn sína myndarlega til náms hjá okkur. Kynntu þér rétt þinn hjá þínu stéttarfélagi.



Sérfræðinámskeið á næstunni

Sérfræðinámskeið á næstunni	St.fj	Hefst
A+ CompTIA	50 std	24. feb
Network+	50 std	10. mars
Linux+	50 std	2. apríl
Exchange Server 2007	50 std	5. maí
Exchange Server 2007 Uppfærsla úr eldri útgáfum	30 std	14. apríl
MCDST	50 std	10. feb
MCTS SQL Server 2008 – Innleiðing og rekstur	100 std	17. feb
MS Office Communication Server 2007 - OCS	50 std	18. feb
MS Windows PowerShell	30 std	2. mars
Windows Vista configuration - Windows 7 kynning	50 std	23. mars
MCTS Network Infrastructure	50 std	3. mars
WinServer 2008 Active Directory (dagnámskeið)	50 std	9. mars
Windows 2008 Server Administrator	50 std	31. mars

TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking



Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • isoft@isoft.is • www.isoft.is

KJÖRKASSINN



Er rétt að fríðlýsa Ísland fyrir kjarnorku og umferð kjarnorkuvopna?

Já	91,8%
Nei	8,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Notaðir þú fæðubótarefni á síðasta ári?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Hæstiréttur dæmir vélhjólamann í fjögurra mánaða fangelsi fyrir ofsaakstur: Fyrrum leiðtogi Sniglanna í fangelsi

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt Ásmund Jespersen, fyrrverandi varaformann vélhjólaklúbbsins Sniglanna, í fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir stórhættulegan ofsaakstur. Ásmundur flúði lögreglu ásamt félaganum á ríflega tvöföldum hámarkshraða á Suðurlandsvegi sumarið 2007. Ofsaaksturinn leiddi til alvarlegs slyss. Héraðsdómur hafði áður dæmt Ásmund í átta mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brotið. Þá var hann sakfelldur fyrir að hafa ekið svo ógætilega að hann hefði ekki getað komið í veg fyrir það að aka yfir höfuð félaga síns



AF SLYSSTAÐ Umræða um ofsaakstur vélhjólamanna var í háumáli í samfélaginu þegar slysið varð. MYND/STÖÐ 2

þegar sá féll í götuna. Slysið varð til þess að félagi Ásmundar örkumlaðist.

Hæstiréttur sýknar Ásmund hins vegar af þeim ákærulið. Ekki sé nægilega ljóst hvort Ásmundur ók yfir félaganum sinn, og því ekki heldur hvort líkamstjón hans megi rekja beint til þess. Maðurinn er bundinn í hjólastól til lífstíðar eftir slysið. Ásmundur hafði áður misst ökuréttindi fyrir ofsaakstur. Í eitt skipti var hann með þrettán ára farþega aftan á hjólinu. Í því ljósi þótti Hæstarétti ekki tilefni til að skilorðsbinda refsinguna. Þá staðfesti Hæstiréttur einnig ákvörðun héraðsdóms þess efnis að hjól Ásmundar skyldi gert upp-tækt til lögreglu. - sh

Finnski herinn: Herþjónusta kvenna aukin

FINNLAND Konum í finnska hernum hefur fækkað og því vantar konur í herinn. Jyri Håkämies, varnarmálaráðherra Finnlands, stefnir að því að kalla allar konur í herinn og hefur sett starfshóp til að undirbúa lagabreytingu. „Ég tel að það eigi ekki bara að vera karlar í hernum heldur líka konur þó að konurnar megi velja um það hvort þær gegni herþjónustu eða ekki,“ segir Håkämies við finnska dagblaðið Hufvudstadsbladet. Hann vill ekki neyða konur í herþjónustu. „Mörgum konum þætti það undarlegt. Ég vil ekki að við söfnum konunum saman í lögreglubíl.“ - ghs

Svalalokun



**Gler & Brautir**
DALSHRAUN 10 - HAFNARFIRÐI - Sími 517 1417
www.cover.is

Alltaf logn á svölunum

Ársfundur Verkfræðistofnunar

VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ www.verk.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Öskju, Sturlugötu 7

Fimmtudaginn 26. janúar, frá kl. 16 til 18



Dagskrá:

» 16:00 Setning Kristín Vala Ragnarsdóttir, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

» 16:10 Umhverfi og framtíð nýsköpunar Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Promens

» 16:30 Nýjar leiðir við rafvæðingu bílaflotans Helgi Þór Ingason, dósent í iðnaðar- og vélaverkfræði við HÍ

» 16:50 CLARA – frá hugmynd til sprotafyrirtækis Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson, frumkvöðull hjá CLARA

» 17:10 Viðurkenning fyrir framúrskarandi rannsóknarframlag

» 17:15 Viðurkenningar fyrir meistaraverkefni

» 17:20 Ársskýrsla Verkfræðistofnunar Magnús Þór Jónsson, formaður stjórnar Verkfræðistofnunar

» 17:30 Létтар veitingar

Fundarstjóri er Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor í umhverfis- og byggingarverkfræði við HÍ. Allir velkomnir.



FRÁ EIÐISTORGI Útlit er fyrir að Eiðistorg verði ljónalaust enn um sinn en bæjarstjóri segir marga hafa saknað þess rauða.

Ljón á vegi Rauða ljónsins á Nesinu

Samflokksmenn bæjarstjóra Seltjarnarness lögðust gegn tillögu hans um að veita Rauða ljóninu rekstrarleyfi á Eiðistorgi. Mál óháð flokkslínum segir bæjarstjórinn. Ekki er loku fyrir það skotið að Rauða ljónið verði opnað að nýju.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Þrír af fjórum samflokksmanna Jónmundar Guðmarssonar, bæjarstjóra Seltjarnarness, í bæjarstjórn greiddu atkvæði gegn tillögu hans um að veita Rauða ljóninu rekstrarleyfi á Eiðistorgi þar í bæ. Lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu fór fram á að bæjarstjórnin veitti umsögn um hugsanlegt rekstrarleyfi. Bæjarstjórinn lagði fram tillögu um að leyfið yrði veitt að uppfylltum fjórum skilyrðum. Afgreiðsla var frestað fram á næsta fund sem var 11. febrúar en þá lagði Guðrún Helga Brynleifsdóttir frá Neslistanum tillögu um að rekstrarleyfið yrði ekki veitt. Samflokksmaður Guðrúnar Helgu og þrír samflokksmenn Jónmundar greiddu atkvæði með tillögu hennar. „Það er hreinlega sögulegt að svona nokkuð gerist á Nesinu,“ segir Guðrún Helga Brynleifsdóttir, fulltrúi Neslistans, sem er í minnihluta bæjarstjórnar Seltjarnarness. „Þetta veikir vissu-



lega hans stöðu. En þetta er einnig óskiljanleg málsmeðferð hjá honum því annaðhvort á að hafna umsókn eða verða við henni. Það að breyta henni eins og bæjarstjórinn gerði þótti mér afar undarlegt.“ Hún segir enn fremur að það hafi í hennar huga verið óhugsandi að heimila rekstur skemmtistaðar sem er opinn til þrjú að nóttu í húsnaðinu á Eiðistorgi sem er einnig íbúðarhúsnæði. „Ég lít alls ekki svo á að þetta veiki mína stöðu,“ segir Jónmundur. „Þetta er eitt af þeim

málum sem fylgir ekki neinni flokkslínu þannig að bæjarfulltrúar hafa einfaldlega sína skoðun á því alveg óháð því hvort þeir eru í meiri- eða minnihluta.“ Hann segir enn síður nokkuð athuga-vert við það að skilyrði séu sett fyrir því að heimild fáiast samþykkt. „Það sjáum við til dæmis í Reykjavík þar sem borgarráð og slökkvilið setja skilyrði fyrir slíkum veitingum,“ segir hann. „Mér fannst einfaldlega, sem talsmanni athafnafrelsis, ekki stætt á öðru en að leyfa umsækjanda að spreyta sig og til að tryggja að það væri með viðunandi hætti lagði ég fram þessi skilyrði. Ég taldi, og reyndar fleiri bæjarbúar, að þannig væri hægt að tryggja að þessi starfsemi, sem margir bæjarbúar hafa saknað, auðgaði mannlífið á ný en í sátt við íbúa á svæðinu.“ Guðrún Helga segir ekki loku fyrir það skotið að viðhorf gagnvart starfseminni yrði annað ef afgreiðslutími yrði stuttur. jse@frettabladid.is

Neytendur: Ekki sama hvar varan er keypt

Sparnaður með sparperum



DR. GUNNI neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

„Tuttugu prósent af raforkunotkun heimila fer í lýsingu. Með því að skipta út glóperum fyrir sparperur, slökkva á eftir sér og nota málningu í ljósum lit má draga verulega úr raforkunotkun til lýsingar. Sparperur nota einungis fjórðung þeirrar orku sem glóperur þurfa til að gefa sama ljósstyrk. Ef öllum perum á íslenskum heimilum yrði skipt út og sparperur teknar í notkun, sparast sem samsvavar einni 20MW virkjun,“ segir Á Náttúra.is. Aðalsteinn Sigurgeirsson í Borgarnesi ætlaði að fá sér sparperu. Hann skrifar: „Ég fór í Húsasmíðjuna í

Borgarnesi í leit að einni slíkri. Fann sparperu, E-27 Philips Essential, 18 wött. Verðið á henni var 1.427 kr. og ég hætti við að kaupa hana, fannst hún of dýr. Fór svo í Bónus í Borgarnesi til að kaupa í matinn og sá þar nákvæmlega sömu peru á 398 kr. Verðmunurinn „aðeins“ 1.029 kr. (358%)!“

Þetta segir okkur að vilji maður byrja að spara með því að nota sparperur, borgar sig að skoða fyrst hvar maður fær ódýrustu sparperurnar!

SPARPERA Af þeirri tegund sem Aðalsteinn fékk ódýrast í Bónus.

Auglýsingasími

512 50 50



Mest lesið

NÓATÚN

Mikið úrval af
ljúffengum bollum!

Bestir í kjöti



Úr kjötborði

Nóatúns saltkjöt
blandað

890

kr. kg

SALTKJÖT & BAUNIR!



Úr kjötborði

Nóatúns saltkjöt
valið

1798

kr. kg



Nóatúns saltkjöt
valið, pakkað

1798

kr. kg



Nóatúns saltkjöt
blandað, pakkað

958

kr. kg



Goða saltkjöt
blandað

999

kr. kg



Goða saltkjöt
óðýrt

399

kr. kg



Goða saltkjöt
sérvalið

1798

kr. kg



Úr kjötborði

Kjötfars
nýtt eða saltað

498

kr. kg



Úr kjötborði

Kjötfars
sælkera

598

kr. kg



Úr fiskborði

Ýsuhakk

899

kr. kg



Myllu bollur með
súkkulaði

499

kr. pk.



Myllu vatnsdeigs-
bollur, litlar

448

kr. pk.



Myllu vatnsdeigs-
bollur m/ súkkulaði


499

kr. pk.

KÍKTU Á
HEIMASÍÐU
NÓATÚNS:

www.noatun.is

NÓATÚN



1. Hvað eyddu Íslendingar miklu í fæðubótaðrefni á síðasta ári?
2. Hvað heitir ástralski fjárfestirinn sem hefur lagt inn tilboð í Morgunblaðið?
3. Hvaða íslenski tónlistarmaður var tilnefndur sem besti nýliðinn hjá alþjóðlegum samtökum kvikmyndatónlistar-gagnrýnenda í síðustu viku?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 22

Land sem ekki hefur sést síðan í kaþólskum sið birtist undan hopandi jöklum:

Sólheimajökull geldur afhroð

UMHVERFISMÁL „Sólheimajökull var í haust 134 metrum styttri en árið áður og hefur aldrei frá því mælingar hófust 1930 beðið annað eins afhroð á einu ári,“ segir Oddur Sigurðsson í Fréttabréfi Jöklarannsóknarfélags Íslands.

Í grein sinni í fréttabréfinu segir Oddur jökla landsins stöðugt hopa og gerir grein fyrir niðurstöðum mælinga síðasta haust.

„Jöklar styttust á 37 mælistöðvum, fimm gengu fram og einn stóð í stað. Jafnt og þétt gengur á jöklana og þeir eru nú vandfundnir sem standa framar en þeir gerðu fyrir fjórum öldum. Hvarvetna birtist nú undan jöklunum land sem menn

hafa ekki séð síðan í kaþólskum sið,“ segir í grein Odds.

Samkvæmt Oddi styttist Steinholtsjökull mest allra jökla milli ára eða um heila 387 metra. „Það kemur til af því að aurþakin rönd í mælingarlínu hefur ekki getað bráðnað eins og aðrir hlutar jökulsins. Nú hefur röndin slitnað frá og skilar þá allt sér á eðlilegra ról.“

Örfáir jöklar sækja í sig veðrið. Meðal þeirra eru Skeiðarárjökull og Heinabergsjökull. Einnig Reykjafjarðarjökull en það eru þó aðeins taldar dauðateygjur framhlaups því sjálfur jökulsporðurinn sé að rýrna.

- gar



SÓLHEIMAJÖKULL Styttist um 134 metra milli ára samkvæmt mælingum í fyrrahaust. MYND/ODDUR SIGURÐSSON

Ríkissaksóknari ákærir:

Stakk með hnífi í andlit

DÓMSMÁL Maður um tvítugt hefur verið ákærður af Ríkissaksóknara fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.

Maðurinn veittist með hnífi að öðrum manni að morgni nýársdags 2009. Hann stakk fórnarlambið í andlitið með þeim afleiðingum að maðurinn hlaut skurðsár á milli nasanna. Þá stakk árásarmaðurinn hinn einnig í bakið. Af því hnífslagi hlaut fórnarlambið skurð við vinstra herðablaðið.

Atvikið sem um ræðir átti sér stað við verslunina 10-11 við Lágmúla í Reykjavík.

- jss



AÐALFUNDUR

ICELANDAIR GROUP HF. 2009

Aðalfundur Icelandair Group hf. verður haldinn mánudaginn 2. mars 2009 kl. 16.00 á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu.

DAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar
3. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins, þ.m.t. greiðslu arðs
4. Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnar
6. Kosning stjórnar félagsins
7. Kjör endurskoðenda (endurskoðunarfyrirtækis)
8. Starfskjarastefna
9. Önnur mál löglega fram borin

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til stjórnar félagsins, aðalskrifstofu á Reykjavíkurlflugvelli, skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Í tilkynningunni skal greina nafn frambjóðanda, kennitölu, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu, hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Óski hluthafi eftir að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum skal ósk hans komið skriflega til aðalskrifstofu félagsins sjö dögum fyrir aðalfund.

Reikningar félagsins og tillögur liggja frammi á aðalskrifstofu hluthöfum til sýnis viku fyrir fundinn, en verða síðan afhent ásamt fundargögnum til hluthafa á fundarstað.

Stjórn Icelandair Group hf.



ICELANDAIR GROUP



LITLA-HRAUN Héraðsdómur Suðurlands á Selfossi dæmdi karlmann í átta ára fangelsi fyrir gróf kynferðisbrot gegn stjúp dóttur sinni.

Kynferðisbrotamaður gengur laus:

Þyngsta dómi sögunnar áfrýjað

DÓMSMÁL Karlmaður sem dæmdur var í desember í átta ára fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands fyrir gróf kynferðisbrot, til margra ára, gegn stjúp dóttur sinni, hefur áfrýjað dómnum til Hæstaréttar. Gert er ráð fyrir að dómur þar gangi ekki fyrr en í haust, að því er Fréttablaðinu hefur verið tjáð.

Þetta mun vera þyngsti kynferðisbrotadómur sem gengið hefur hér á landi samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið aflaði sér. Maðurinn sætti ekki gæsluvarðhaldi, hvorki við rannsókn né dómsmeðferð og ekki eru laga-skilyrði til að úrskurða hann í

gæsluvarðhald á þessu stigi máls. Þá er ekki hægt að láta hann hefja afplánun á héraðsdómi sem hefur verið áfrýjað enda liggur ekki fyrir endanlegur dómur um sekt eða sýknu viðkomandi.

Maðurinn sem um ræðir hóf að níðast á stjúp dóttur sinni þegar hún var fimm ára með káfi og þukli. Þegar hún var ellefu til fjórtán ára hafði hann við hana kynferðismök tvisvar til þrisvar í viku um allt að fjögurra ára skeið.

Maðurinn var í héraðsdómi, auk fangelsisrefsingarinnar, dæmdur til að greiða stúlkunni þrjár milljónir króna í miskabætur.

- jss

Bolludagstilboð



Sænskar kjötbollur með kartöflum, týtuberjasultu og rjómasósu, 10 stk.

IKEA FOOD

+



Rjómobolla með sultu og heitur drykkur

= 790,-



Opíð 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
www.IKEA.is



Valið saltkjöt	1.498kr/kg
Blandað saltkjöt	498kr/kg
Söltuð rif	259kr/kg
Saltaðir skankar	998kr/kg



1.079 kr/kg

Merkt verð 1.798.-

30%
afsláttur
við kassa

763kr/kg

Merkt verð 1.090

30%
afsláttur
við kassa

699 kr/kg

Merkt verð 998.

35%
afsláttur
við kassa

942kr/kg
erkt verð 1.449.

159 kr/kg.

Verð áður 239.-

149 kr/pk
Verð áður 187.-

399 kr/stk.

Merkt verð 499.-

OPIÐ
allan sólarhringinn
í Skeifunni



HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Gildir til 24. febrúar eða á meðan birgðir endast.

Bílarisinn General Motors að brotna upp:

Upprakning hnattvæðingar

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Sænska Saab-bílasmiðjan fór fyrir helgi fram á greiðslu-stöðvun, eftir að móðurfélagið GM í Detroit hafði tilkynnt að það myndi ekki leggja sænska dótturfélaginu til meira fé og sænsk stjórnvöld höfnuðu beiðni um að gangast í ábyrgðir fyrir nýju rekstrarfé. Þar með stefnir allt í endalok merks kafla í sögu bílaíðnaðarins, sem hófst upp úr síðari heimsstyrjöld þegar sænska herflugvélasmiðjan SAAB (Svenska Aeroplan-AB) vantaði ný verkefni og brá á það ráð að fela verkfræðingum sínum að þróa fólksbifreið til að skjóta frekari stoðum undir reksturinn á friðartímum.

En að bandaríski bílarisinn skuli nú varpa Saab fyrir borð, áratug eftir að GM eignaðist næststærsta sænska bílaframleiðandann að fullu, er aðeins ein af mörgum birtingarmyndum heimskreppunnar sem leikur bílaíðnaðinn sérstaklega grátt. Saab er undirdeild í GME, General Motors Europe. Stærsta einingin í GME eru Opel-verksmiðjurnar þýzku, sem GM eignaðist um miðjan þriðja áratug 20. aldar. Sú nána tenging evrópsks og bandaríks bílaíðnaðar hefur sem sagt haldið í yfir 70 ár. Meðal annarra eininga GME eru Vauxhall í Bretlandi og samsetningarverksmiðjur á Spáni og víðar á meginlandinu.

Eins og Opel er dæmi um hófst hnattvæðing bílaíðnaðarins snemma, þótt hún hafi náð nýjum hæðum á síðustu 15 árum. Táknrænust fyrir það samrunaði sem rann á bílaframleiðendur á síðasta áratug var sameining þýzku eðalbílasmiðjunnar Daimler-Benz og eins bandarísku risanna þriggja, Chrysler (hinir tveir eru Ford og GM). Sú tilraun fór illa. Þýzku fjárfestarnir, sem í raun yfir-tóku Chrysler, hrökkluðust aftur heim til Stuttgart eftir að hafa tapað milljörðum á að reyna að bæta samkeppnishæfni bandaríska „systurfyrirtækisins“.

Nú virðist það vera eina leiðin fyrir GM að bjarga sér frá algeru þroti að aðskilja og helzt selja í heilu lagi alla starfsemi samsteypunnar í Evrópu – skilyrði fyrir að GM fái að halda þeirri neyðarfjárhagsaðstoð sem fyrirtækið hefur þegar þegið frá bandarískum yfirvöldum er að umfang samsteypunnar verði minnkað til muna. Viðráðar hafa verið hugmyndir um að stofnað verði eignarhaldsfélag um rekstur GME, sem opið verði fyrir fjárfestingar bæði frá ríkisstjórnun þeirra landa sem eiga mest í húfi (þ.e. þar sem flest störf myndu tapast við gjaldþrot GM) og öðrum fjárfestum.

Hvernig sem þessir gerningar æxlast, þá virðist starfsemi GM í Evrópu ætla að aðskiljast frá starfseminni vestanhafs. Sú upprakning hnattvæðingar sem í því felst er tímanna tákn í efnahagskreppunni sem nú hefur skolið á allri heimsbyggðinni og einna þýngst á þróðustu iðnríkjunum. Vandí GM er líka táknrænn fyrir stöðu fjölbjóðlegra samsteypna í greiðsluvanda við slíkar aðstæður, þegar einu þrautalánveitendurnir eru ríkiskassar þjóðríkja, sem eðlilega vilja bara gangast í ábyrgðir fyrir þá starfsemi sem fer fram innan viðkomandi ríkis.

Á sama tíma eru bílaframleiðendur í Kína og fleiri nýmarkaðslöndum í útþensluhag. Þrátt fyrir heimskreppu telja þeir sig hafa bolmagn til að kaupa sig inn í starfsemi stórra rótgróinna bílaframleiðenda á Vesturlöndum. Sú staða er ekki síður tímanna tákn: Asía rís, „gömlu Vesturlönd“ hníga. Hnattvæðingin heldur áfram, undir breyttum formerkjum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Þú þarft ekki
heppni
til að vinna!

VIÐ DRÖGUM
Á MORGUN
UM MILLJÓNIR!

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
Fáðu þér miða á www.hhi.is

75 ára
milljónir
á einni miða

Válistinn

Alti Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, lagði það til í Silfri Egils í gær að komið yrði á fót sérstökum lista yfir útrásarvíkinga. Þennan lista nefndi Atli válista og á honum ættu heima 40 til 50 manns sem bankarnir ættu ekki að skipta við.

Nú mun flestum tamara að nota orðið válisti á annan hátt. Á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands segir: „Válistar eru skrár yfir lífveru- tegundir sem eiga undir högg að sækja eða eru taldar vera í útrýmingarhættu í tilteknu landi eða svæði.“

Það má svo sem færa rök fyrir því að hvor skýringin sem er eigi við um útrásarvíkingana; klárlega eru þeir í útrýmingarhættu.

Stjórnarandstaðan

Lengi vel var Vinstri grænum legið á hálsi fyrir að vera á móti því sem kom frá ríkisstjórninni. Nú virðist sem stjórnarliðar – og stuðningsmenn þeirra – hafi snúið þessari gagnrýni upp á Sjálfstæðisflokkinn.

Oftar en ekki er eins og menn hafi búist við því að flokkurinn gengi úr ríkisstjórn, settist til hliðar og segði ekki múkk. Þvert á móti hafa

sjálfstæðismenn gert það sem stjórnarandstaða á að gera; gagnrýnt það sem þeim þýkir miður fara.



kolbeinn@frettabladid.is

Mesta steypan

Það vantaði tónlistarhús. Árum saman bentu tónlistarmenn og tónlistarunnendur á að óviðunandi væri að hér skyldi ekki vera sérstakt hús fyrir tónlist, líkt og sérstök hús eru fyrir íþróttir í hverjum hreppi eins og vera ber, sérstök hús eru fyrir guðsdýrkun (eins og vera ber), sundiðkum, leiklist, jafnvel bækur, að ógleymdum öllum verslunarhöllunum. Hér hafa verið reist hús sérstaklega í því skyni að þar sé hægt að spila badminton. En ekki tónlist... Jafnvel þótt Íslendingar séu miklu meiri tónlistarmenn en íþróttamenn – og upp til hópa miklu áhugasamari um tónlist en til dæmis hinn ofmetna fótbolta – þá hefur ekki verið til tónlistarhús í höfuðborginni fram að þessu. Kannski er það vegna þess að stjórnarmálamenn eru almennt ekki mjög músíkalskt fólk. Kannski ekki. Þetta er ráðgáta: tónlistin, drottning listanna, hefur í höfuðborginni verið iðkuð í bíóum og búllum, kirkjum og – íþróttahúsum.

Með glerhjúp

CASTAWAY

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Tívhert sérvallid stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svefnsvæða aldrei minni
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

CASTAWAY
Queen size (153x203)
Verð 220.000 kr.

KK-TILBOÐ
165.000 kr.
= 55.000 kr.
AFSLÁTTUR!



ADVENTURE

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrýstjöfnunar-svampi og latexi sem skorid er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

ADVENTURE
Queen size (153x203)
Verð 303.900 kr.

KK-TILBOÐ
227.925 kr.
= 75.975 kr.
AFSLÁTTUR!



AVERY
Queen size (153x203)
Verð 155.000 kr.

KK-TILBOÐ
116.250 kr.
= 38.750 kr.
AFSLÁTTUR!


AVERY

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tívhert sérvallid stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa



AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆDAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknar-samtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



SVÆÐASKIPTUR STÍFLEIKI

Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til 7 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstjöfnun og réttan stuðning við axlir og mjóbak.

rekkjan

HEILSURÚM

> Deildarmeistarabikarinn á loft

Haukakonur tóku við deildarmeistaratitlinum í kvenna-körfunni í gær þrátt fyrir að Hamar hafi spilt bikar-hátíðinni með því að vinna 54-61 sigur en Haukaliðið var búið að tryggja sér sigur í deildinni fyrir nokkru. Þetta voru óvænt úrslit enda fyrsta deildartap Haukavenna síðan 19. október. Haukaliðið var búið að vinna fimmtán leiki í röð í Iceland Express-deildinni fyrir leikinn á sama tíma Hamarsliðið hafði tapað öllum átta leikjum sínum á þessu ári og hafði aldrei unnið Hauka í efstu deild. Krístrún Sigurjónsdóttir, fyrirliði Hauka, tók við bikarnum í leikslok.

sport
sport@frettabladid.is



TRAUSTI STEFÁNSSON: TRYGGÐI FH BIKARINN Í FRJÁLSUM INNAHÚSS MEÐ LOKABOÐHLAUPSSPRETTINUM

FH-ingur í frjálsum en ÍR-ingur í hinum greinunum

Það var mikil spenna í bikarkeppni FRÍ innanhúss um helgina og á endanum vann FH bikarinn í fyrsta skipti eftir að hafa verið aðeins einu stigi á undan ÍR sem hafði titil að verja. Spretthlauparinn Trausti Stefánsson tryggði sveit FH sigur í boðhlaupinu með góðum lokaspretti.

„Það er bara skemmtilegra þegar þetta er svona jafnt. Sigurinn var líka enn þá sætari,“ segir Trausti en það var allan tímann ljóst að þetta yrði hnífjafnt.

„Það var búið að gera spá fyrir daginn þar sem okkur var spáð sigri með einu stigi. Svo voru allir á taugum allan daginn. Þegar það kom í ljós fyrir boðhlaupið okkar að við værum einu og hálfu stigi á eftir þá krosslögðu menn bara fingur og vonuðu það besta. Við vorum með nákvæmlega sömu sveit á Meistarabóti Íslands og við vorum með gott sjálfstraust eftir að hafa náð að vinna þar. Það lá alveg við að við myndum vinna þetta en stressið var að Fjölnismenn yrðu í 2. sæti,“ segir Trausti

sem vann einnig báðar sínar greinar. „Ég var sérstaklega ánægður með 60 metra hlaupið því ég náði að bæta mig þar. Ég var ánægður með sigurinn í 200 metra hlaupinu en ég hefði viljað ná betri tíma,“ segir Trausti sem átti því mikinn þátt í að taka bikarinn af ÍR en hann játar því að hann sé ÍR-ingur í húð og hár.

„Ég er mikill FH-ingur í frjálsum en að sama skapi er ég ÍR-ingur í öllum hinum greinunum,“ segir Trausti sem skipti yfir í frjálsar úr körfuboltanum fyrir tæpum tveimur árum. „Ég var bara á bekknum í körfunni og það var mjög góð ákvörðun að fara í frjálsar og virkilega gaman að maður hafi uppgötvað það á gamalsaldri að maður ætti að vera í frjálsum en ekki körfubolta. Auðvitað saknar maður alltaf körfunnar og ég vil allavega meina það að ég sé betri körfuboltaaður í dag heldur en áður en ég hætti því ég orðinn miklu meiri íþróttamaður,“ segir Trausti sem er farinn að horfa til utanhússtímabilsins nú þegar öll stóru innanhússmótin eru að baki. „Vonandi helst ég heill, næ að bæta mig jafnt og þétt og komast einn daginn á stórmót,“ segir Trausti.



Skotland - Ísland
1. - 2. apríl

Úrval Útsýn stendur fyrir ferð á stórleik Skota og Íslendinga á Hampden Park í Glasgow 1. apríl nk. Um er að ræða beint leiguflog til Glasgow, einnar náttar gistingu á Jurys Inn í miðborginni. Rútuferðir til og frá flugvelli, sem og rútuferð á leikinn sjálfan og til baka að honum loknum.

Bókanir og nánari upplýsingar með tölvupósti tonsport@uu.is eða í síma 585-4000

Innifalið: Flug, skattar, gisting í eina nótt með morgunverði, rútur til og frá flugvelli og á leikinn, miði á leikinn og íslensk fararstjórn

ÚRVAL ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000 - FAX 585 4065 - INFO@UU.IS

66.500,-

á mann m.v. tvíbýli
Aukagjald f. einbýli 6.000 kr.



Stjarnan tapaði fyrir Val í N1-deild kvenna og missti af mjög dýrmætum stigum:

Góð handboltahelgi fyrir Hauka

HANDBOLTI Þetta var góð helgi fyrir meistaraflokkслиð Haukanna sem eru bæði í toppsætum N1-deildanna þegar styttest óðum í lok deildarkeppninnar.

Haukastrákarnir komust aftur á toppinn með því að vinna Valsmenn 25-22 í toppslag N1-deildar karla en auk þess að vera nú með eins stigs forustu þá eiga Íslandsmeistararnir einnig leik inni á Val. Haukar höfðu nokkra yfirburði í leiknum og voru sex mörkum yfir í seinni hálfleik en Valsmenn náðu að skora þrjú síðustu mörkin í leiknum og laga stöðuna.

Þetta var áttundi deildarsigur Hauka sem hafa ekki tapað deildarleik síðan 5. nóvember. Haukarnir fá síðan tækifæri til að auka forskot sitt í þrjú stig þegar þeir fá botnlið Víkinga í heimsókn á miðvikudaginn.

Haukastelpurnar unnu sinn leik

gegn Fylki af öryggi á föstudagskvöldið þar sem Hanna Guðrún Stefánsdóttir skoraði 17 mörk en það voru úrslit laugardagsins sem komu þeim mjög vel. Valur vann Stjörnuna í fyrsta sinn í vetur sem þýðir að Haukar eru nú með þriggja stiga forskot þegar fjórar umferðir eru eftir. Sigur Valskvenna var sá fyrsti

ÁTTA MÖRK Kári Kristjánsson skor-
aði 8 mörk úr 9
skotum gegn Val.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



á Íslandsmeisturum Stjörnunnar í vetur en áður hafði Garðarbæjarliðið unnið Val fjórum sinnum, oft eftir að hafa verið undir stóran hluta leiksins. Nú náðu Valskonur að vinna og sýna um leið að þær verða skeinuhættar í komandi úrslitakeppni.

Óvæntur stórsigur HK á úti-velli á móti FH þýðir að það er orðið nokkuð ljóst hvaða lið komast í úrslitakeppnina hjá konunum því Fram vann Gróttu 26-23 og er með átta stiga forskot á HK í baráttunni um 4. sætið þegar aðeins átta stig eru eftir í pottinum.

- 66j

Fjölskyldur fá ...

Skilvísir viðskiptavinir í Fjölskylduvild SPRON hafa nú fengið endurgreiðslu vegna viðskipta ársins 2008. Fjölskylduvild SPRON stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar og er án endurgjalds.

Endurgreiðsla ársins 2008 samanstendur m.a. af:

- hluta af greiddum vöxtum vegna íbúðalána, skuldabréfa, yfirdráttar, erlendra lána eða víxla.
- 50% endurgreiðslu af kreditkortaárgjöldum.

Skráðu fjölskylduna á spron.is og þú gætir tryggt henni endurgreiðslu þessa árs!

Nánari upplýsingar

þjónustuver 550 1400 | spron.is



ÚRSLITIN

N1-deild karla

Haukar-Valur25-22 (14-12)

Mörk Hauka: Kári Kristján Kristjánsson 8, Sigurborgur Sveinsson 7, Freyr Brynjarsson 4, Andri Stefan 2, Elías Már Halldórsson 2, Einar Örn Jónsson 2.
Mörk Vals: Fannar Þór Friðriksson 8, Sigurður Eggertsson5, Arnór Þór Gunnarsson 5, Hjalti Gylfa son 2, Hjalti Þór Pálmason 1, Elvar Friðriksson 1.
Stig liða: Haukar 22, Valur 21, Fram 19, FH 18, HK 17, Akureyri 9, Stjarnan 9, Víkingur 5.

N1-deild kvenna

Valur-Stjarnan29-27 (15-14)

Mörk Vals: Drífa Skúladóttir 6, Hildigunnur Ein arsdóttir 6, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 5, Dagný Skúladóttir 4, Kristín Guðmundsdóttir 4, Íris Ásta Pétursdóttir 2, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 1, Ágústa Edda Björnsdóttir 1.
Mörk Stjörnumannar: Alína Petrache 11, Kristín Clausen 5, Harpa Sif Eyjólfssdóttir 4, Þórhildur Gunnarsdóttir 3, Elísabet Gunnarsdóttir 2, Aðal heiður Hreinsdóttir 1, Sólveig Lára Kjærnested 1.
FH-HK24-36 (10-18)
Mörk FH: Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 6, Birna Íris Helgadóttir 5, Hildur Þorgeirsdóttir 4, Ingibjörg Pálmadóttir 3, Guðrún Helga Tryggva dóttir 2, Hafðís Inga Hinriksdóttir 2, Arnheiður Guðmundsdóttir 2.
Mörk HK: Arna Sif Pálsdóttir 12, Brynja Magnús dóttir 6, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 5, Elísa Ósk Viðarsdóttir 4, Elva Björg Arnarsdóttir 3, Pavla Plaminkova 2, Tinna Rögnvaldsdóttir 1, Lilja Lind Pálsdóttir 1, Guðrún Erla Bjarnadóttir 1, Hildur Dögg Jónsdóttir 1.
Fram-Gróttá26-23
Stig liða: Haukar 31, Stjarnan 28, Valur 24, Fram 19, HK 11, FH 10, Gróttá 8, Fylkir 5.

Iceland Express kvenna

Haukar-Hamar54-61 (30-27)

Stigahæstar: Monek Knight 15, Slavica Dimovska 13, Guðbjörg Sverrisd. 11 - Julia Demirer 22 (18 frák.), Lakiste Barkus 21, Hafrún Hálfðánard.12.
Keflavík-KR79-70 (34-27)
Stigahæstar: Birna Valgarðsdóttir 28, Bryndís Guðmundsdóttir 22, Svava Ósk Stefánsdóttir 11 - Hildur Sigurðardóttir 17 (11 frák.), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 15 (11 frák.), Margrét Kara Sturlu-dóttir 12 (15 frák.), Guðrún Ámundadóttir 12.
Valur-Snaefell103-71 (58-41)
Stigahæstar: Melissa Mitidiero 24, Signý Her-mannsdóttir 20 (14 frák.), Kristjana Magnúsdótt ir13, Ragnheiður Theodórsdóttir 10 - Kristen Green 15, Sara Andrésdóttir 12, Berglind Gunn-arsdóttir 10.
Grindavík-Fjölnir95-68

Forskotið orðið sjö stig

Cristiano Ronaldo skoraði glæsilegt sigurmark fyrir Man. United sem jók forskot sitt á toppnum því Liverpool gerði enn eitt jafnteflið. Chelsea vann fyrsta leikinn undir stjórn Guus Hiddink og tók þar með þriðja sætið af Aston Villa.

FÓTBOLTI Manchester United jók forskot sitt í sjö stig á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir að hafa fengið góða hjálp frá nágrönnum sínum í Manchester City sem náðu jafntefli gegn Liverpool á Anfield. Liverpool gerði þarna fjórða jafnteflið sitt í síðustu sex leikjum á meðan United vann 10. deildar-sigurinn í röð.

Stórsókn Liverpool bar ekki árangur gegn Manchester City í gær og liðið varð að sætta sig við 1-1 jafntefli á heimavelli. Eftir góðan en markalausan fyrri hálf-leik hjá Liverpool kom þeirra gamli liðsmaður, Craig Bellamy, Manchester City yfir en Dirk Kuyt náði að jafna tólf mínútum fyrir leikslok. Liverpool sótti og sótti í lokin en þurftu enn á ný að horfa á eftir dýrmætum stigum. Liðið er taplaust á Anfield en er hins vegar búið að gera sex jafntefli á heima- velli.

„Þetta verður erfiðara núna því United getur unnið leiki án þess að spila vel. Við þurfum að vinna Middlesbrough og Sunderland áður en við getum farið að hugsa um að vinna á Old Trafford. Það eru enn tólf leikir eftir og þetta er ekki búið,“ sagði Rafa Benitez, stjóri Liverpool eftir leik.

Cristiano Ronaldo tryggði Manchester United 2-1 sigur á Blackburn með því að skora glæsilegt mark beint úr aukaspyrnu. Paragvæinn Roque Santa Cruz varð fyrsti leikmaðurinn í 1.334 mínútur og síðan 8. nóvember til þess að skora á móti United í deildinni þegar hann jafnaði leikinn en Ronaldo átti síðasta orðið. Norðmaðurinn Morten Gamst Peder-sen vildi fá viti sex mínútum eftir

að Ronaldo skoraði sigurmarkið en fékk ekki.

„Pedersen lét sig detta,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchest-er United, eftir leikinn og líkti atvikinu við þegar Ronaldo fékk gult spjald fyrr í leiknum fyrir að láta sig falla. „Ronaldo fékk gult en Pedersen ekki. Þetta eru eins atvik og annaðhvort dæmir maður víti eða gefur gult spjald,“ sagði Ferguson en Sam Allardyce, stjóri Blackburn, var algjörlega ósammála. „Sir Alex er með sína skoðun en mín skoðun er allt önnur. Því miður fá ekki mörg lið svona dóma hér en þett var víti því hann var tog-aður niður,“ sagði Allardyce.

Sir Alex hafði meiri áhyggji-ur af stöðu miðvarða sinna fyrir leikinn á móti Inter í Meistaradeildinni í vik-unni. Nemanja Vidic er í banni, Gary Neville og Wes Brown eru ekki klárir og Jonny Evans fór meiddur af velli gegn Blackburn.

„Þetta er mar-tröð en einhvers staðar þarf ég að finna tvo miðverði,“ sagði Sir Alex.

Chelsea vann 1-0 sigur á Aston Villa í fyrsta leikn-um undir stjórn Guus Hiddink og komst fyrir vikið upp fyrir Villa í 3. sætið. Sigur-

markið var af glæsilegri gerðinni en það skoraði Nicolas Anelka á 19. mínútu eftir stórglæsilegan undir-búning Frank Lampard.

„Ég er sáttur við frammistöðuna og úrslitin ekki síst þar sem Villa hefur verið á góðri siglingu undan-farið og hefur ekki tapað deildar-leik í langan tíma,“ sagði Hiddink eftir leikinn.

Andrej Arshavin stóð sig vel í fyrsta leiknum með Ars-enal en tókst ekki að brjóta niður varnarmúr Sunderland frekar en öðrum leikmönnum Lundúnaliðsins.

Hermann Hreið-arsson átti stór-an þátt í jöfnunar-marki Portsmouth gegn Stoke en skot hans fór í varnar-mann og inn og markið var skráð sem sjálfsmark.



SIGURÖSKUR Cristiano Ronaldo fagnar hér stór-glæsilegu sigurmarki sínu en hann var þá heppinn að vera ekki kominn út af vellið með tvö gul spjöld. NORDICPHOTOS/AFP

ÚRSLITIN

Enska úrvalsdeildin

ARSENAL-SUNDERLAND0-0

ASTON VILLA-CHELSEA0-1

0-1 Nicolas Anelka (18.).

BOLTON -WEST HAM2-1

1-0 Matthew Taylor (9.), 2-0 Kevin Davies (10.), 2-1 Scott Parker (65.). Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn með Bolton.

MAN.UNITED - BLACKBURN2-1

1-0 Wayne Rooney (22.), 1-1 Roque Santa Cruz (31.), 2-1 Cristiano Ronaldo (59.).

STOKE -PORTSMOUTH2-2

0-1 Niko Kranjcar (74.), 1-1 James Beattie (77.), 2-1 James Beattie (78.), 2-2 Sjálfsmark (90.). Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn og átti mikinn þátt í jöfnunarmarki Portsmouth.

MIDDLESBROUGH-WIGAN0-0

FULHAM-WEST BROMWICH2-0

1-0 Bobby Zamora (61.), 2-0 Andy Johnson (72.)

LIVERPOOL-MAN. CITY1-1

0-1 Craig Bellamy (49.), 1-1 Dirk Kuyt (78.).

NEWCASTLE-EVERTON0-0

STADA EFSTU LIÐA

Man. United	26	19	5	2	46-11	62
Liverpool	26	15	10	1	43-18	55
Chelsea	26	15	7	4	45-15	52
Aston Villa	26	15	6	5	40-25	51
Arsenal	26	12	9	5	38-25	45
Everton	26	11	8	7	34-28	41

Íslendingar í boltanum

Eggert Gunnþór Jónsson skoraði eina mark Hearts í 1-1 jafntefli við St. Mirren í skosku úrvals-deildinni en Eggert komi liði sínu í 1-0 á 78. mín.

Veigar Páll Gunnarsson var í fyrsta sinn í byrjun-arliði Nancy í 0-2 tapi gegn Lyon en var skipt út af á 67. mínútu leiksins.

Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á sem varamaður á 65. mínútu í 1-2 tapi Barcelona á heimavelli gegn nágrönnunum í Espanyol.

Guðjón Þórðarson og lið hans Crewe Alexandra vann Huddersfield 3-1, komst upp fyrir Hereford og er fimm stigum á eftir Leyton Orient sem er í síðasta örugga sætinu í ensku C-deildinni.

Guðmundur Steinarsson kom inn á 59. mínútu í 1-0 sigri Vaduz á Bellinzona en Gunnleifur Gunnleifsson sat á bekknum.

Aron Einar Gunnarsson spilaði allan leikinn þegar Coventry vann 1-0 sigur á Birmingham og kom í veg fyrir að gestirnir kæmst á toppnum.

...endurgreiðslu!

> Ozzy Osbourne

„Miðað við það hvað ég misnotaði fíkniefni og áfengi lengi þá ætti ég náttúrulega að vera fyrir löngu látinn.“ Stöð 2 extra sýnir nú aftur raunveruleikabættina með hinni stórskriftnu Osbourne-fjölskyldu.



dagskrá




VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** FÓR AFTUR TIL ÁRSINS 1916

100 rottur fyrir hvern fallinn hermann

Hvernig sem á það er lítið þá er aldrei hægt að skálda eitthvað sem tekur lífinu fram. Það sem hugmyndaflugið gerir okkur kleift nær aldrei að skapa eitthvað sem er fallegra en það sem nú þegar er til. Skiptir þá engu hvort það er náttúran, fólkið eða mannlífið. En þá er bara hálf sagan sögð.

Ég sá heimildarmynd um fyrri heimsstyrjöldina á Discovery. Ég held að þá hafi ég fengið sönnur þess að enginn þarf að deyja til að fara til helvítis. Hér vitna ég til viðtala við þýska, breska og franska hermenn sem lifðu hildarleikinn af. Allir voru þeir á tíræðisaldri þegar viðtölin voru tekin en upplifun þeirra af atburðunum stóð þeim ljóslifandi fyrir hugskotssjónum. Bardaginn sem þeir lýstu er kenndur við lítinn bæ í Frakklandi sem heitir Verdun. Þá tíu mánuði sem var barist 1916 er talið að 300.000 hermenn hafi fallið og hálf milljón þeirra særst. Á



sama tíma var barist við Somme. Fallnir, særðir og týndir hermenn þess bardaga voru á aðra milljón. Þessar tölur byrja þó ekki að segja manni nokkurn skapaðan hlut fyrr en gömlu hermennirnir settu þetta allt í samhengi. Einn þeirra sagði: „Fyrir hvert lík sem lá á vígvellinum á milli skotgrafanna í Somme voru 100 rottur.

Rotturnar átu andlitin fyrst. Við skutum þá særðu áður en þeir voru étnir lifandi.“ Um sumarið „kraumaði líkhrúgan af möðkum og rottum“, sagði einn gamli maðurinn sem barðist við Verdun. „Við þurftum að hlaupa yfir líkin, en þössuðum okkur á því að stíga ekki á kviðinn. Þar fyrir innan voru rotturnar.“

Sjaldan hef ég verið eins snortinn og við að hlusta á öldungana og horfa á myndskleið frá þessu fullkomna brjálaði sem þeir upplífðu. Svo má hafa hugfast að einn hermaðurinn sem barðist við Somme hét Adolf Hitler. Ég hlýt því að spyrja: Hvað þarf eiginlega til?

MÁNUDAGUR



► 18.00 RV STÖÐ 2 BÍÓ




► 20.25 E.R. STÖÐ 2 EXTRA



► 21.00 Heroes SKJÁREINN



► 21.15 Sporlaust SJÓNVARPIÐ



► 22.10 The Lost Room STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Hannah Montana (22:26) (e)
17.53 Sammi (13:52)
18.00 Kóalabráðurnir (77:78)
18.12 Herramenn (40:52)
18.25 Fréttaukinn (e)

19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.20 Stríð og friður í matjurtagarðinum (Guerre et paix dans le potager) (1:2) Frönsk heimildarmynd í tveimur hlutum. Hér er matjurtagarðurinn myndaður eins og um frumskóg væri að ræða og sagt frá flóknu samspili plantna, þúsunda dýra og nokkurra garðyrkjuris.

► 21.15 Sporlaust (Without a Trace) (20:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk leika Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close.

22.00 Tíufréttir
22.20 Erfiðir tímar Stuttur þáttur með heilræðum til fólks á krepputímum gerður á vegum heilbrigðisráðuneytisins.

22.35 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives V) (e)

23.20 Spaugstofan (e)

23.45 Bráðavaktin (ER) (7:19) (e)

00.30 Kastljós (e)

01.10 Dagskrárlök

BÍÓ

08.00 The Pink Panther

10.00 Over the Hedge

12.00 RV

14.00 The Pink Panther

16.00 Over the Hedge

► 18.00 RV Gamannmynd með Robin Williams í aðalhlutverki. Bub Munro hefur áhyggjur af samheldni fjölskyldu sinnar og ákveður að þjappa henni saman með því að skipuleggja ferðalag.

20.00 Fallen. The Destiny

22.00 Blast!

00.00 Rennie's Landing

02.00 Bodywork

04.00 Blast!

06.00 Lake House

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego Áfram!, Dynkur smáeðla, Doddi lítli og Eyrnastór og Krakkarnir í næsta húsi.

08.15 Oprah

08.55 Í fínu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 La Fea Más Bella (258:300)

10.15 Wipeout (10:11)

11.10 Ghost Whisperer (38:44)

12.00 Men in Trees (4:19)

12.45 Neighbours

13.10 The Breakfast Club

14.45 ET Weekend

15.35 Galdrastelpurnar

15.58 Íkornastrákurinn

16.18 A.T.O.M.

16.43 Bold and the Beautiful

17.08 Doddi lítli og Eyrnastór

17.23 Lalli

17.33 Neighbours

17.58 Friends (17:24)

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.24 Veður

19.35 The Simpsons (13:22) Þegar Hómer og Bart tekst að umbreyta sirkushesti í meistara í kappreiðum eiga þeir feðgar ekki von á góðu frá knöpunum sem þeir keppa við.

20.00 American Idol (12:40)

21.25 American Idol (13:40) Nú hefst niðurskurðurinn í fyrsta undanúrslitabættinum og við fáum að sjá hvaða þrír keppendur komast áfram í 12 manna úrslitin.

► 22.10 The Lost Room (3:6) Joe Miller er lögreglumaður sem vinnur að morðrannsókn og finnur undarlegan lykil sem opnar honum allar dyr sem þó alltaf ganga að einu og sama mótelherberginu þar sem dulmagnaðir atburðir eiga sér sér stað. Aðalhlutverk: Peter Krause, Julianna Margulies og Kevin Pollack.

22.55 Réttur (6:6)

23.40 The Breakfast Club

01.15 Tremors

02.50 Ghost Whisperer (38:44)

03.35 ET Weekend

04.20 Friends (17:24)

04.45 The Simpsons (13:22)

05.10 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

16.30 PGA Tour 2009 Útsending frá Northern Trust mótinu í golfi.

20.00 World Supercross GP Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á Qualcomm Stadium í San Diego.

20.55 Atvinnumennirnir okkar Siðastur en jafnframt alls ekki sístur er sjálfur Eiður Smári Guðjohnsen, leikmaður Barcelona á Spáni. Eiður sýnir áhorfendum á sér nýjar hliðar og fylgst verður meðal annars með undirbúningi fyrir leik Barcelona og Real Madrid.

21.30 Þýski handboltinn Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

22.00 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

22.30 UFC Unleashed Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

23.10 Main Event Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

SPORT 2 enski boltinn

07.00 Liverpool - Man. City Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

16.05 Stoke - Portsmouth Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

17.45 Premier League Review 2008 Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþríf-in á einum stað.

18.45 PL Classic Matches Liverpool - Arsenal, 1997. Leikur Liverpool og Arsenal var fin skemmtun þar sem Paul Ince skoraði tvö mörk fyrir Liverpool.

19.15 PL Classic Matches Man Utd - Leeds, 1998. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

19.50 Enska úrvalsdeildin. Hull - Tottenham Bein útsending frá leik Hull og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

22.00 Premier League Review 2008

23.00 Coca Cola-mörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markabætti.

23.30 Hull - Tottenham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Spjallið með Sölva (1:6) (e)

09.45 Vörutorg

10.45 Óstöðvandi tónlist

16.55 Vörutorg

17.55 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

18.40 Game Tívi (3:8) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)

19.20 Charmed (22:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kyngimagnaðar örlaganornir. (e)

20.10 One Tree Hill (5:24) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt.

► 21.00 Heroes (11:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnátúrlægum hæfileikum. Sólmörkvi hefur áhrif á hæfileika hejanna. Arthur skipar Sýlar og Elle að finna Claire. Matt, Hiro og Ando taka höndum saman og elta Daphne til heimabæjar hennar, Lawrence í Kansas og komast að leyndarmáli hennar. Nathan og Peter Petrelli fara til Haiti í leit að eina manninum sem getur stöðvað faðir þeirra við að gjör-eyða heiminum.

21.50 CSI (6:24) Bandarískir þættir um stórf rannsóknardeildir lögreglunnar í Las Vegas. Morð í Köreu-hverfinu í Las Vegas en vitnin þora ekkert að segja. Ungur drengur gæti verið lykillinn að morðgátunni og rannsóknardeildin er í kapphlaupi við tímann að bjarga honum áður en það er um seinan.

22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.

23.30 Californication (3:12) (e)

00.05 Painkiller Jane (3:22) (e)

00.55 Vörutorg

01.55 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Að norðan Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

BOLLA, BOLLA

Veljum-Íslenskt



opið

mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

fiskibollur 690 kr kg

ömmu fiskfars 590 kr kg

ýsuhakk 890 kr kg

nýbakaður þrumari frá selfossi

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

American Idol

Leitin að áttundu Idol-stjörnu Bandaríkjanna er nú í fullum gangi í vinsælasta skemmtipætti veraldar. Pau Simon Cowell, Randy Jackson, Paula Abdul og Kara DioGuardi hafa nú fækkað milljónum umsækjenda niður í þá 36 bestu. Í kvöld sjáum við fyrsta 12 manna hópinn af þremur en aðeins þrír keppendur komast í gegnum þennan niðurskurð. Örlög keppenda er í höndum bandarísku þjóðarinnar. Meðal keppenda í kvöld eru oliuborkappinn Michael Sarver, Danny Cokey sem hefur verið í uppáhaldi dómara og missti konu sína rétt fyrir keppnina, og hin dramatíska og léttgæggaða Tatiana Del Toro. Ekki missa af æsispennandi þætti í kvöld.



► VIÐ MÆLUM MED

One Tree Hill

SkjárEinn kl. 20.10

Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Það má búast við dramatískum þætti í kvöld þar sem Haley stofnar óafvitandi lífi sonar síns í hættu. Nathan fær tilboð frá körfuboltaliði og Peyton kemst að ljótu leyndarmáli nýjasta skjólstæðings síns.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin	14.03 Bak við stjórnurnar
06.50 Bæn	15.03 Útvarpssagan: Í frostinu
07.03 Auðlindin	15.30 Lostafulli listræninginn
07.30 Fréttayfirlit	16.00 Síðdegisfréttir
08.00 Morgunfréttir	16.13 Hlaupanótan
08.11 Morgunstund með KK	17.03 Viðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.16 Spegillinn
09.45 Morgunleikfimi	18.50 Dánarfregnir
10.03 Veðurfregnir	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.13 Stefnumót	20.00 Leynifélagið
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.30 Kvika
12.00 Fréttayfirlit	21.10 Lárétt eða lóðrétt
12.02 Hádegisútvarp	22.12 Lestur Passíusálma
12.20 Hádegisfréttir	22.20 Ársól
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	23.10 Á tónsviðinu
13.00 Vítt og breitt	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (130:260)

16.30 Hollyoaks (131:260)

17.00 Seinfeld (5:5)

17.25 E.R. (25:25)

18.10 Osbournes (2:10)

18.30 20 Good Years (10:13)

19.00 Hollyoaks (130:260)

19.30 Hollyoaks (131:260)

20.00 Seinfeld (5:5) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tírna.

►20.25 E.R. (25:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur.

21.10 Osbournes (2:10) Eins og flestum er kunnugt hefur mikið gengið á í lífi Osbourne-fjölskyldunnar sem seint verður talin til fyrirmyndar.

21.30 20 Good Years (10:13) Frumlegir og ferskir gamanþættir um John Mason og Jeffrey Pyne sem eru eins og ólíkir og hugsast getur.

22.00 Réttur (6:6) Ný leikin spennubáttaröð sem gerist í rammíslenskum heimi lagaflækna og glæpa. Söguhetjurnar eru þrír lögmennt sem starfa á lögmánnisstofunni Lög og réttur og er Logi Traustason þar fremstur meðal jafningja.

22.45 Cold Case (8:23)

23.30 Mad Men (10:13)

00.15 Sjáðu

00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

20.00 Mér finnst... er í umsjón Bergljótar Davíðsdóttur, Katrínar Bessadóttur og Láru Ómarsdóttur. Konur láta í sér heyra hvað þeim finnst um samfélagið í dag.

21.00 Í nærveru sálar Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Gestur þáttarins er stjórnmálafræðingurinn Stefania Óskarsdóttir.

21.30 Ármann á alþingi Ármann Kr. Ólafsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins viðrar viðhorf sín.

DR 1

10.00 De gule engle 10.30 Dyrehospitalet 11.00 DR Update - nyheder og vejr 11.10 21 Søndag 11.50 Aftenshowet 12.20 Reimers 13.00 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.00 Family Guy 15.30 Braceface 15.50 Mesterlig madding 16.00 Troldspejlet 16.15 Robotboy 16.30 Den travle by 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Guld og grønne skove 19.00 Helt vilde læger 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Kriminalkommissær Foyle 22.40 OBS 22.45 Dokumentar - The Return of the Starpeople 23.45 Boogie Mix

NRK1

12.00 NRK nyheter 12.05 Berlin, Berlin 12.30 Viten om 13.00 NRK nyheter 13.05 Norge rundt 13.30 Walkabout 14.00 NRK nyheter 14.05 Par i hjerter 15.00 NRK nyheter 15.10 Dynastiet 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-tv - Samisk bame-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Mikkes klubbhus 17.25 Vennene på Solflækken 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Si ja, bli min 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21.00 Livet i Fagervik 21.25 Store Studio 22.00 Kveldsnytt 22.15 Inspektør Lynley 23.45 Nytt på nytt

14 SVT 1

10.00 Sjálmordsturisten 11.00 Rapport 11.05 Sportspegeln 11.50 Djursjukhuset 13.25 Melodifestivalen 2009 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 Eldsjálar 16.25 Där ingen skulle tro att någon kunde bo 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Fråga doktorn 18.00 Kulturhyeterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 183 dagar 20.00 Diplomaterna 20.30 Öga mot öga 21.00 Manda bala - på liv död i São Paulo 22.25 Kulturhyeterna 22.40 Skavlan 23.40 Nip/Tuck 00.20 Sändningar från SVT24

Stórtílbodð á Bolludag

- hjá konungsfjölskyldunni



Fiskikóngurinn

Fiskiprinsinn

Fiskfars

349

kr.kg.

Fiskhakk.....690. kr.kg

Fiskibollur “nýsteiktar”.....690. kr.kg

VISSIR ÞÚ AÐ

Fiskikóngurinn og Fiskiprinsinn eru frændur!!

Hjá þeim getur þú treyst á þrennt.

GOTT VERÐ, GÓÐ GÆÐI OG GÓÐA ÞJÓNUSTU,

hvað er hægt að hafa það betra?

Tilboðið gildir

aðeins í dag, Bolludag.

Sjáumst eldhress í dag. Næg bílastæði, fljót og góð þjónusta.

Fiskikóngurinn

HAFIÐ FISKIPRINSINN

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

Fiskiprinsinn - Hafíð • Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • sími 554 7200

HVAD SEGIR MAMMA?

„Ég er bara rosalega stolt af henni og vissi alltaf að hún myndi ná langt. Ég treysti henni fyrir allri þessari athygli sem fylgir þessu, sem er bæði jákvæð og neikvæð, og veit að hún á eftir að standa sig vel í Moskvu.“

Margrét Steindórsdóttir um dóttur sína Jóhönnu Guðrúnu Jónsdóttur sem keppir fyrir Íslands hönd í Eurovision í Moskvu í maí.

Fagurkerar bíða skipbrot eftir góðærið

„Maður er eiginlega bara skelfingu lostinn, ekkert annað. Þetta er mjög slæmt fyrir fólk í mínum bransa,“ segir Jóhanna Kristín Ólafsdóttir, innanhússarkitekt hjá AVH. Í fréttum Sjónvarpsins á fimmtudagskvöld var greint frá því að lífsstíls- og hönnunar-búðinni Saltfélaginu hefði verið lokað og að til staði að loka Habitat sem löngum hefur verið þekkt fyrir smekklegar innanhússvörur.

„Ég myndi nú kannski ekki segja að góðærinu væri formlega lokið. En vissulega á þetta



SKELFILEGT Jóhanna Kristín Ólafsdóttir innanhússarkitekt segir þetta eiga eftir að þrengja hringinn hjá sér.

eftir að gera fagurkeranum erfitt fyrir að nálgast flottar hönnunarvörur,“ segir Arnar Gauti Sverrisson, framkvæmdastjóri GK og fyrrum stjórnandi lífsstílsþáttarins Innlit/útlit. Hann viðurkennir hins vegar að þetta hafi kannski verið komið út í svolítið rugl, sér í lagi verið. Í sama streng tekur fyrrum samstarfsskona hans, Nadia Banine. „Það er alltaf sorglegt þegar maður hefur úr minna að velja. Saltfélagið hefur verið svolítið sér á báti með sínar vörur en það

að verið sé að loka Habitat er skelfilegt. Þar var hægt að nálgast mjög smekklegar vörur á viðráðanlegu verði,“ segir Nadia. „Vonandi verður þetta hins vegar til þess að fólk líti sér nær og kaupi jafnvel frekar íslenska hönnun.“ Eyjólfur Pálsson, forstjóri Epal, hefur starfrækt sína verslun í yfir þrjátíu ár. Og ekki er að sjá að það sé neitt fararsnið á honum þrátt fyrir erfitt árferði. Eyjólfur segist hóflega bjartsýnn á fram-



haldið. „Við höfum nánast aldrei greitt út arð í þessu fyrir-tæki, höfum eytt öllum okkar peningum í fyrirtækið og hönnunina. Auðvitað er það sorglegt ef það fækkar í þessum bransa, maður getur bara ekkert annað sagt.“ - fgg

SORGLEGT Arnar Gauti og Nadia Banine segja það vera sorglegt að sjá á eftir Habitat og Saltfélaginu.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. eyðast, 6. hróp, 8. átti heima, 9. gilding, 11. belti, 12. erfiði, 14. dans, 16. kallorð, 17. blundur, 18. ennpá, 20. mun, 21. faðmur.

LÓÐRÉTT
1. mats, 3. í röð, 4. kassabók, 5. tæki, 7. skoðhyli, 10. hyggja, 13. bókstafur, 15. engi, 16. er með, 19. ónefndur.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. dóms, 3. áb, 4. sjóðbók, 5. töl, 7. páttróna, 10. trú, 13. emm, 15. akur, 16. hef, 19. nn.
LÁRÉTT: 2. mäs, 6. óp, 8. bjó, 9. mat, 11. ol, 12. streb, 14. rúmbe, 16. hó, 17. mók, 18. enn, 20. ku, 21. tang.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Premur milljörðum króna.
2. Steve Cosser.
3. Atli Örvarsson.

Quiznos Sub

Nýbýlavegi 32

Lambasamloka með bernaise

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

FLOTGÓLF

GIFS&MÚRVERK

Ertu að byggja eða breyta?

Vantar þig trausta aðila til að koma upp milliveggjum úr gífsi, láta flota eða flísaleggja.

Flotgólf ehf. býr yfir vel þjálfuðum starfsmönnum, besta fánlega búnaði til múrframkvæmda og rekstraraðilar þess eru frumkvöðlar í vèlvæðingu í múrverki. Verslaðu við fagmenn - það margborgar sig!

Flotgólf ehf. - Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ - Sími 555 6888 - flotgolf@flotgolf.is - www.flotgolf.is

5125050

Auðgísingarni

Mest lesið

AXEL VALDIMAR: SAMLAGIÐ SLÆR Í GEGN Á NETINU

Vöruskipti á netinu það sem koma skal í kreppunni

„Þetta er vefsíða fyrir okkur hin, okkur sem urðum eftir og verðum að nota eitthvað annað en krónuna til að versla,“ segir Axel Valdimar Gunnlaugsson, stofnandi vefsíðunnar samlagid.is, sem vakið hefur mikla athygli. Síðan er glæný, fór í loftið fyrir mánuði síðan, en hugmyndin kviknaði þegar allt fór fjandans til undir lok síðasta árs. „Þetta byrjaði bara sem grín en svo vatt þetta fljótlega upp á sig og í dag eru þúsund skráðir notendur,“ segir Axel en svo skemmtilega vill til að meirihluti notenda eru konur. Og alltaf bæstast nýir meðlimir í hópinn, tuttugu til þrjátíu á hverjum degi. „Þetta byrjaði allt í miklu bríarí, kannski er besta dæmið um það að þarna var flokkur sem hét þjónustustörf og þar hafði einn auglýst eftir seðla-bankastjóra. Ég fjarlægði þá auglýsingu enda vildi ég ekki styggja sjálfstæðismenn.“

Hugmyndin hjá Axel er sú að menn geti skipt á hinum og þessum hlutum og þannig átt hálfgerð vöruskipti á netinu. „Þarna inni eru til að mynda iðnaðarmenn sem eru reiðubúnir til að vinna fyrir unna kjötvöru,“ segir Axel. Önnur auglýsing er frá einhverjum í fæðingarorlofi sem vill vinna sér inn smá aur. „Ég hef nægan tíma,“ skrifar umræddur aðili. Í þeirri þriðju er auglýst eftir einhverjum handlögnum sem getur gert við bílinn hans, tímareimin sé biluð.

Axel segir að skömmu eftir að síðan fór í loftið hafi fulltrúar ríkisskattstjóra hringt og efast um lögmæti þjónustunnar. „Þetta



ÓKEYPIS SÍÐA Samlagid.is er hugarsmið Axels Valdimars en þar getur fólk skipst á hinum og þessum hlutum og þjónustu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

er bara svona svipað og ef tveir menn hittast á Austurvelli og ákveða að eiga viðskipti. Landeigandinn verður þá ekki skattskyldur,“ útskýrir Axel.

Axel starfar sem tæknilegur arkitekt hjá Símanum og sinnir þeirri vinnu á daginn. „Það er svona stjórnunarstarf, ég fæ síðan alla útrás sem ég þarf á síðunni,“ segir Axel og hlær. Hann upplýsir að enn eigi eftir að koma skemmtilegar viðbætur en

þeir sem eru með Facebook geta meðal annars nýtt sér síðuna. „Ef einhver skrifar athugasemd þá fær hann hana senda með tölvupósti. Ég ætla að reyna að bæta þetta kerfi þannig að viðkomandi fái líka sms-skilaboð þegar einhver sýnir viðbrögð við auglýsingu,“ útskýrir Axel en þess má geta að öll þjónusta er ókeypis, það eina sem fólk þarf að gera er að skrá sig sem notendur á síðuna. freygigja@frettabladid.is

Gítar KK frystur í New York

„Ég var alveg eyðilagður þegar hann brotnaði í flutningunum,“ segir tónlistarmaðurinn KK, sem bíður spennur eftir að endurheimta forlata Martin-gítar sinn sem hefur undanfarna mánuði verið fastur í New York.

Gítarinn, sem er handsmiðaður af gerðinni D-35, skemmdist í flutningum síðsumars í fyrra og sendi KK hann þá út til Martin-verksmiðjunnar í New York til viðgerðar með dyggri aðstoð Tónastöðvarinnar. Vegna mikils frosts í stórborginni hafa starfsmenn verksmiðjunnar ekki þorað að senda gítarinn til Íslands og hefur hann því setið þar fastur í marga mánuði. „Þeim er svo ann t um hljóðfærin að þeir senda þau ekki fyrr en sendingarleiðin er örðin örugg,“ segir KK og kann vel að meta þessi vönduðu vinnubrögð. Hann er engu síður örðinn óþolinmóður að fá gítarinn í hendurnar, enda hefur hann samið öll sín bestu lög á hann, þar á meðal Vegbúann.

Vegna viðgerðarinnar sá KK sig tilneyddan til að kaupa sér nýjan Martin sem hann ætlaði síðan að selja en telur nú ólíklegt að svo verði. Þar með á hann fimm Martin-gítara í glæsilegu safni sínu. „Þetta eru bestu gítarar í heimi,“ segir hann og nefnir Johnny Cash, Bob Dylan og Woody Guthrie sem dygga Martin-aðdáendur í gegnum tíðina.

KK er sérlega ánægður með liðlegheit Tónastöðvarinnar í málinu. „Þeir komu mér á framfæri því það er erfitt að fá gítara uppgerða hjá Martin. Þeir eru með góð sambönd og kannski sögðu þeir að ég



KK Tónlistarmaðurinn KK bíður spennur eftir að endurheimta Martin-gítar sinn frá New York.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

væri frægur á Íslandi,“ segir hann og glottir. Vonast hann til að endurheimta gítarinn á næstu dögum eftir langa og erfiða bið. - fb

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og Fréttablaðið greindi frá á laugardag er lögmaðurinn **Vilhjálmur H. Vilhjálmsson** með mörg mál í gangi á hendur Birtingi. Og virðist nokkuð ágengt. Hæstiréttur Íslands hefur hafnað beiðni lögmannna Birtings um leyfi til þess að áfrýja dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem útgáfufélagið Birtingur og blaðamaðurinn Atli Már

voru dæmd til refsingar og til þess að greiða Ingu Birnu Dungal skaðabætur vegna ólögðra birtingar Séð og heyrt á myndum Ingu Birnu af leikstjóranum Quentin Tarantino. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur er þannig endanlegur og því verða Birtingur og Atli Már að greiða Ingu Birnu skaðabætur og málskostnað.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson telur þessa niðurstöðu án efa lofa góðu fyrir mál sem verður flutt í dag í Héraðsdómi Reykjavíkur og er svipaðs eðlis. Um er að ræða samkynja mál sem Ívar Örn Þórhallsson, sonur Ladda, höfðaði á hendur Birtingi vegna myndastuldar af vefsvæði hans, en myndirnar voru birtar í Séð og heyrt undir yfirskriftinni „Hommi á Barnalandi“. Ívar höfðaði meidýrðamála á hendur blaðamanni og **Eiríki Jónssyni**, ritstjóra Séð og heyrt, vegna þeirra ummæla.

Sverrir Stormsker er snúinn aftur til Asíu þar sem hann dvaldi fyrir nokkrum árum. Að sögn Sverris er talað um Íslendinga í asískum fjölmiðlum sem „einhverja spilltustu, óheildarlegustu og heimskustu þjóð sem sögur fara af“. Eins gott að Sverrir er mættur til að redda málunum. - jbg, drg

ÚTSALA

ATH.

Breyttir opnunartímar
12:00-18:00 virka daga
12:00-16:00 laugardaga

Visco X dýna
Queen – 153x203
Áður 114.900. – **Nú 79.900**

Beauty Sleep
Queen – 153x203
Áður 89.900 – **Nú 79.900**

Box dýna – 140x200
Áður 64.900 – **Nú 49.900**



IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi
ÍSLENSK HÖNNUN

IQ-CARE Tilboð

King og Cal. King.
Áður 269.900. – **Nú 199.900**

Queen
Áður 189.900 – **Nú 149.900**

TAKMARKAÐ MAGN



PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.
2x90 x 200 cm. Áður 409.900
Nú 299.900

IQ-CARE



Sængur,
30% afsláttur,
Takmarkað magn
Sængurverasett
20% afsláttur



Sá nýjasti og besti frá Leggett
2x90 x 200 cm. Áður 684.900
Nú 499.000

20-25% afsláttur
af teppasettum
og húsgögnum
20% afsláttur
af svefnsófum



Óseyri 2

AKUREYRI

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur


Afsláttur fyrir eldri borgara

Frá því í byrjun október hefur réttlætiskenninn verið misþyrmt með daglegum fréttabarsmíðum af afleiðingum sukksins. Á hverjum degi birtast nýjar sögur af hörmungum fólks sem engan þátt tók í hrunadansinum en missir nú atvinnuna, heimilið og heilsuna.

SAMÚÐIN er meðal annars þar en síður hjá stofnfjórðingunum sem eru miður sín yfir að hafa ekki fengið nógu margar milljónir fyrir hlutabréfin, heldur verið snúðaðir af einhverjum gáukum sem blekktu kannski til sín digran sjóð. Eða því hvort brottrekinn forstjóri sem tókst á undraskömmum tíma að sigla óskabarni þjóðarinnar í glötun fær samt allan peninginn. Í sam- anburði við alvöru mál sem fjalla um stórkostlegan skaða raunverulegra fórnarlamba virðist þras um enn meiri peninga til efnafólks hreint hjóm. Kannski væri hugmynd að stofna sérstakan dómstól fyrir svona húmbúkk? Hann væri hægt að manna til dæmis með öllu því ágæta hæfileikafólki sem nú gengur um atvinnulaust og blóðþyrst.

RÉTTLÆTISKENND er ekki að öllu leyti náttúrulegt fyrirbrigði, heldur áunninn þroski þjóðar. Einu sinni þótti til dæmis mjög réttlátt á Íslandi að drekkja konum sem höfðu eignast barn utan hjónabands. Ekki fór mörgum sögum af afdrifum móðurlausu lausaleiks barnanna sem eftir stóðu, en trúlega hafa fáir haft sérlegar áhyggjur af fín- hreyfingum þeirra, málþroska og félagsfærni þegar þau voru boðin upp til lægstþjóðanda á næsta hreppsfundi.

Á meðan íslenskir dómstólar spá í það fram og tilbaka hvort milljarðamæringar eigi að fá skaðabætur frá íslenska ríkinu – okkur sumsé – fyrir að hafa ekki fengið evrunar sínar greiddar út á hæsta mögulegu gengi sem þá var ekki í boði fyrir neinn – einmitt á sama tíma kemst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að stúlubarn sem var kynferðislega misnotað af afa sínum í meira en áratug eigi heimtingu á einni og hálfri milljón í skaðabætur. Afinn hlaut tveggja ára fangelsisdóm á útsölu frá fjögurra ára úrskurði héraðsdóms, fékk helmingsafslátt vegna aldurs. Þeir sem telja réttlætinu fullnægt gefi sig fram við sálfræðing. Við hin eigum vonandi tækifæri í nýju þjóðfélagi til að endurskoða lagabókstafinn vítt og breitt.



GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 23.
febrúar, 54. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	8.56	13.41	18.28
Akureyri	8.46	13.25	18.07

Heimild: Almanak Háskólans



Sól í suðri!

Barcelona • Bologna • Alicante



18
ÁFANGASTADIR

Meðal sumaráfangastaða Iceland Express eru þrír suðrænir og seiðandi, Barcelona, Alicante og Bologna. Bókaðu sól og blíðu á frábæru verði, skelltu þér núna á www.icelandexpress.is!

Kynntu þér átján áfangastaði okkar og spennandi pakkaferðir Express ferða í nýjum og glæsilegum ferðabæklingi okkar.

Iceland Express

www.icelandexpress.is